


EYJAFRÉTTIR



Gleðilega
Þjóðhátíð

Mynd: Óskar Pétur

tbl. **07**
52. árg
31.07
2025
kr. 1.590



17 Unnar frá
Háagarði



15 Gaujulundur



16 Brennan

Novastuð hjá Vöruhúsinu alla helgina

Nova hefur verið hluti af Þjóðhátíðarstemningunni í núverandi mynd frá árinu 2014 þegar slegið var upp mikill tónlistarveislu við 900 Grill við Vestmannabrautina. Dró að sér fjölda fólks sem þarna hitaði upp fyrir hátíðina einu sönnu í Herjólfssdal.

Í fyrra var partyið og tónleikadagskrá alla dagana á Miðbakka við Miðstræti í samstarfi við Þjóðhátíð og hafði fjöldinn sjaldan eða aldrei verið meiri.

Nú er leitað á ný mið og er Nova í samstarfi við veitingastaðinn Vöruhúsið á mótum Vestmannabrautar og Skólavegar. Og lofað er miklu fjöri. „Verið er að taka svæðið í gegn og dagskráin verður ekki af verri endanum, við erum ótrúlega spennt fyrir helginni og hlökkum til að sjá öll í fyrirpartyinu fyrir Dalinn.“ segir Sigurbjörn Ari Sigurbjörnsson, markaðsstjóri Nova.

Á föstudaginn stendur fjörið frá kl. 15:00-17:00 þar sem koma fram DJ Anna Ármann,

Klara Einars X Katrín Myrra og Elvar. Á laugardaginn byrjar



Í fyrra var partyið og tónleikadagskrá alla dagana á Miðbakka við Miðstræti í samstarfi við Þjóðhátíð og hafði fjöldinn sjaldan eða aldrei verið meiri.

fjórið kl. 14:00 og stendur til kl. 17:00. Þar troða upp DJ Hjalti & Helgi, PBT, Alaska, Háski, SZK og Saint Pete. Veislan verður á sama tíma á sunnudaginn og listamenn ekki af verri endanum. DJ Logi Snær, Maron Birnir X Helgi T (Tónhýlur), HubbaBubba, Nussun & Húgó, Daniil Badger.

Auk alls þessa, gleði- og party-stemningar verður Nova með vörusölu eins og undanfarin ár ásamt því að halda Nova Popp-Öpp í fyrsta sinn í boði Nova, 66 Norður, Studio 110, Sólvík og Coppermine á svæðinu.

FríttStöff hjá Nova verður á sínum stað og í ár býður Nova upp á



Novastuð hjá Grill 900.

alls konar stöff, alveg frítt, gegn því að sækja FríttStöff í Nova appinu. Þjóðhátíðarbrúðurnar halda sínu striki, Nova sölgeraugun sem öll dreymir um, Nova buff, Nova sápukúlur og margt fleira.

Styrkleikarnir - Einstök upplifun!

Styrkleikar Krabbameinsfélagsins er heill sólarhringur af ævintýrum, samstöðu og samkennd.

Styrkleikarnir eru fjölskylduvænn viðburður og býður upp á einstaka upplifun fyrir alla, óháð aldri. Þeir eru öllum opnir sem vilja sýna stuðning í verki fyrir einstaklinga sem greinst hafa með krabbamein og aðstandendur þeirra.

Styrkleikarnir byggja á liðum sem fjölskyldur, fyrirtæki, íþróttafélög, félagasamtök eða aðrir skrá sig í. Þeir snúast síðan um að hafa fulltrúa hvers liðs á hreyfingu (ganga, hlaupa) með boðhlaup-skefli, sólarhringinn sem viðburðurinn stendur yfir og er um leið táknrænn fyrir að engin hvíld fæst frá krabbameini.

Styrkleikarnir eru ekki keppni heldur snúast þeir um samstöðu,



samveru og samtakamáttinn í að styðja við, heiðra eða minnst einstaklinga sem hafa fengið krabbamein. Þeir eru alltaf skipulagðir í nærsamfélagi og undirbúinn og framkvæmdur að langmestu leyti af sjálfbóðaliðum. Styrkleikarnir eru haldnir til að sýna stuðning og safna fé sem

nýtist til krabbameinsrannsókna ásamt því að veita krabbameinsgreindum ráðgjöf og þjónustu. Þjónusta Krabbameinsfélagsins er öllum að kostnaðarlausu og gerir verkefni eins og Styrkleikarnir meðal annars, félaginu kleift að halda út þjónustunni.

Styrkleikarnir verða haldnir í

fyrsta sinn í Vestmannaeyjum helgina 9. - 10. ágúst í Herjólfssdal. Viðburðurinn er opinn öllum og það kostar ekkert að vera með. Styrkleikarnir eru hluti af alþjóðlega viðburðinum Relay for Life sem fer fram árlega á yfir 5000 mismunandi stöðum í meira en 30 löndum um allan heim. Viðburðurinn fékk íslenska nafnið Styrkleikarnir enda finnum við styrk og veitum styrk í samstöðunni þegar við göngum saman til stuðnings fólki sem hefur verið snert af krabbameinum.

Skráning fyrir áheitasöfnun fer fram inn á safna.krabb.is

Allar nánari upplýsingar um Styrkleikana má finna á styrkleikarnir.is

Facebook viðburður - <https://fb.me/e/37590CzQp>

EYJAFRÉTTIR

Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmyndar og annað er óheimilt nema heimilda sé getið.

Útgefandi: Eyjasýn ehf. - kt. 480278-0549
Ægisgötu 2 - 900 Vestmannaeyjum.

Ritstjórn og ábyrgð: Ómar Garðarsson og Tryggvi Már Sæmundsson - omar@eyjafrettir.is - tryggvi@eyjafrettir.is

Aðstoðarritstjóri: Annika Vignisdóttir.
Íþróttir: Kristín Erna Sigurðsdóttir og Tryggvi Guðmundsson.
Umbrot: Leturstofa Vestmannaeyjum ehf.
Ljósmyndir: Óskar Pétur og blaðamenn.

Prentun: Stafræna Prentsmiðjan ehf.
Netfang: frettir@eyjafrettir.is.
Auglýsingar: auglysingar@eyjafrettir.is
Vefang: www.eyjafrettir.is
EYJAFRÉTTIR er áskriftarblað.



Eyrnaband
2.990 kr,-

Hettupeysa
12.990 kr,-

Festival

Syntu fyrir Ljónshjarta

Styrkir ungar ekkjur, ekkla og börn sem hafa misst foreldri

Þann 5. júlí síðastliðinn syntu þeir félagarnir Pétur Eyjólfsson og Héðinn Karl Magnússon frá Elliðaey yfir í Heimaey. Sundið var synt í minningu Margrétar Þorsteinsdóttur og jafnframt til styrktar góðgerðarfélaginu Ljónshjarta. Alls söfnuðust 2,3 milljónir. Ljónshjarta kt. 601213-0950 reikn. 0536-14-400960 ef einhverjir fleiri vilja styrkja Ljónshjarta til að styðja við börn sem hafa misst foreldri. Við fengum að heyra aðeins í þeim félögum um sundið og undirbúninginn sem því fylgdi.

Fjölskylda: Við vorum nú eins og hjón á meðan á undirbúningnum stóð, rifumst og föðmuðumst til skiptis. Héðinn er hins vegar giftur Donnu Ýr og á með henni 4 börn - Ísabellu Ýr, Ísak Huginn, Natalíu Lóu og Alexöndru Árný. Pétur á soninn Eyjólf sem er okkar helsti stuðningsmaður. Síðan deilum sameiginlegu forræði yfir hrefnu sem synti með okkur fyrsta kílómetrin.

Mottó? Hvalir og selir éta ekki miðaldra karla með bumbu. Þetta hefur Gunni Ella P margsannað. Annars bara að hafa gaman af þessu, það var ekki alltaf auðvelt að fara í sjóinn en það var alltaf gaman þegar út í var komið.

Síðasta hámhörfið? Héðinn horfði á David Attenborough tala um sæljón en Pétur horfði á Baywatch til að stilla sig inn í sundformið.

Uppáhalds hlaðvarp? Það er alltaf gaman að hlusta á „Stjána“. Þótt þáttarstjórnandinn þar sé svikari og hundleiðinlegur, þá er Stjáni sjálfur frábær og margar skemmtilegar sögur hjá honum.

Aðaláhugamál: Að gera hluti sem enginn bað okkur um að gera – eins og að synda milli eyja í Norður-Atlantshafi.

Eitthvað sem þú gerir á hverjum



Pétur og Héðinn sátir eftir gott sund.

degi sem þið gætuð ekki verið án? Kaffi.

Hvað óttist þið mest? Fyrir sundið voru það háhyrmingar, en nú óttumst við ekkert.

Hvað er velgengni fyrir ykkur? Í þessu samhengi þá var það bara að komast í land brosandí og geta drukkið verðlaunabjórinn óskjálfandi.

Hvað myndið þið segja að hafi verið mesta áskorunin við að synda frá Elliðaey og í land?

Að reyna að líta svalir út í sundgalla, með sundgleraugu upp á enni og vaselín á kinnunum.

Hvernig undirbyggðuð þið ykkur fyrir sundið? Við syntum í sjónum eins oft og við gátum. Það var oft erfitt að finna tíma, og ekki alltaf veður til sjósunds. Það reyndist líka ótrúlega auðvelt að sannfæra hvorn annan um að fresta æfingum, en þá var alltaf hægt að fara í sundlaugina.

Funduð þið fyrir stuðningi fólks?



Komnir í land heilir á húfi.

Já! Ótrúlegum stuðningi frá fjölskyldu, samstarfsfélögum og samfélaginu öllu hér í eyjum. Það var ótrúleg tilfinning að koma syndandi inn höfnina og sjá allt fólkið sem tók á móti okkur. Að sjá Palla á Tanganum og Írisi bæjarstjóra með skítaldan öl á bryggjunni var besta tilfinning í heimi!

Eitthvað að lokum?

Kærar þakkar allir fyrir stuðninginn. Fyrir Ljónshjarta söfnuðust hærri upphæðir en við þorðum að vona. Og við vitum að þar á bæ á þetta eftir að nýtast vel. Strákarnir sem sigldu með okkur á kækjökum og bátum og sáu til þess að við héldum stefnu og fengjum næringu. Fylgist með næsta sumar þegar Pétur ætlar að synda fyrstur manna frá Landeyjahöfn til Vestmannaeyja!

Frítt
Stöff

FYRIR
þIG

NovaFest verður á Vöruhúsinu

Hlökkum til að sjá ykkur á Þjóðhátíð í Eyjum!

Dagskrá NovaFest

Föstudagur, 1. ágúst kl.15-17

DJ Anna Ármann
Klara Einars & Katrín Myrra
Elvar

Laugardagur, 2. ágúst kl.14-17

DJ Hjalti & Helgi
PBT
Alaska
Háski
Sprite Zero Klan
Saint Pete

Sunnudagur, 3. ágúst kl.14-17

DJ Logi Snær
Maron Birnir & Helgi T
GDRN
Nussun & Húgó
Daniil



Sæktu Nova
appið hér!

INOVA



Ótrúlega þakklát að fá að vera partur af þessari geggjuðu hátíð

TRYGGVI MÁR
SÆMUNDSSON
tryggvi@eyjafrettir.is

Klara Einars hefur verið að gera það gott í tónlistarheiminum. Hún sendi frá sér nýtt lag í byrjun sumars. Lagið „Ef þú þorir“. Hún hefur verið afkastamikil og hefur til að mynda sent frá sér átta lög bæði ein og í samvinnu við aðra á rúmlega tveimur árum. Hún hefur komið fram víða í sumar á fleygiferð um landið og hápunkturinn á því er Þjóðhátíðin.

Árið 2025 hófst með krafti hjá Klöru þegar hún var tilnefnd sem Nýliði ársins á Hlustendaverðlaunum – viðurkenning sem hún lýsir sem óvæntu og ógleymanlegu auginnabliki. Í kjölfarið gaf hún út tvo dúetta: VBMM? með Katrínu Myrru í febrúar og Bara ef þú vissir með Ágústi Brynjari í mars, sem báðir fengu mikla spilun á útvarpsstöðvum og streymisveitum.

Dansarar, boxhanskar og allskonar rugl

Hvað geturðu sagt okkur um tónleikana sem þú ætlar að halda á Þjóðhátíð – er eitthvað sérstakt sem þú ert að undirbúa?
„Heldur betur! Ég er að taka syrpu úr vinsælustu lögunum mínum, það verður tryllt ljósa-sýning, fjórir geggjaðir dansarar, boxhanskar og allskonar rugl. Íða Dögg er að sauma á mig dress og hún stílar allt liðið upp á sviði. DJ Anna Ármann verður síðan að sjálfsögðu með mér að peppa dalinn og hver veit nema ég taki eitt leynilag í lokin.“

Nú hefur þú áður komið fram á Þjóðhátíð, hvernig fannst þér?
„Já, ég kom fram á NovaFest í fyrra og það var tryllt! Það hefur alltaf verið draumur að fá að koma fram á eyjunni um Verslunarmannahelgina og ég var ótrúlega þakklát að fá að vera partur af þessari geggjuðu hátíð. Ég hlakka líka ótrúlega mikið til að koma aftur fram á NovaFest í ár á föstudeginum ásamt DJ Önnu Ármann sem hefur verið að spila með mér í allt sumar og við höfum meðal annars heimsótt Eyjar í sumar til að spila í útskrift hjá Klöppurum og stemningin var bara nákvæmlega eins og við



Klara í góðum gir á sviðinu.

værum mættar á Þjóðhátíð, það er það sem ég dýrka mest við Vestmannaeyjar og fólkið hérna. Það er alltaf orka hérna og geggjuð stemning.“

Aldrei upplifað svona magnaða orku áður

Spurð hvort hún hafi komið oft á Þjóðhátíð sem gestur að skemmta sér, stendur ekki á svarinu.

„Já, algjörlega. Ég mætti á mína fyrstu Þjóðhátíð árið 2021, beint eftir COVID faraldurinn. Ég hef aldrei upplifað svona magnaða orku áður. Allir voru að missa sig af gleði yfir því að loksins komast, því það hafði auðvitað ekki verið Þjóðhátíð árið á undan þannig að dalurinn var fullur af fallegum augnablikum. Frændfólkið mitt úr Eyjum kynntu mig fyrir öllu tengdu Þjóðhátíð, hvert væri best að fara fyrir dalinn, rápið í hvítu tjöldin, blysin og brekkusöngurinn. Ég varð fljótt ástfangin af hátíðinni og hef ekki látið mig vanta síðan.“

Þú getur sofið eftir helgina

Hvernig upplifir þú það að spila fyrir gesti Þjóðhátíðar í Herjólfsdal – hvað gerir þessa hátíð öðruvísi?

„Það sem gerir Þjóðhátíð öðruvísi er að þetta er ekki bara eitt kvöld – þetta er hefð sem fólk bíður spennu eftir og leggur mikið í að koma til Eyja og skemmta sér. Því finnst mér það vera á okkar ábyrgð að gefa þeim besta show sem við getum boðið þeim upp á.

Klara segir aðspurð um hvað hún

myndi segja við einhvern sem er að koma á Þjóðhátíð í fyrsta sinn að ef hún mætti gefa viðkomandi eitt ráð þá væri það að fara seint að sofa og vakna snemma. Þú vilt ekki missa af stemningunni niður í bæ. Komdu seint heim úr dalnum og stilltu vekjaraklukkuna, skelltu þér í gallann og mættu á Lundann, NovaFest, Tangann, GOTT – bara í guðanna bænum, láttu þig ekki vanta. Þú getur sofið eftir helgina.“

Mæta allir sama hvað

Hvernig finnst þér stemningin í Vestmannaeyjum borið saman við aðrar tónlistarhátíðir?

Stemningin hérna er bara allt önnur. Það er bara einhver orka í loftinu og maður finnur hana um leið og maður kemur í land. Mörg þúsund manns komin saman með eitt sameiginlegt markmið og það er að hafa gaman. Það er alveg sama hvort það sé stormur eða 20 stiga hiti það mæta allir sama hvað. Það er eitthvað svo íslenskt við útihátíðir og Þjóðhátíð er klárlega stórlaxinn. Það sem gerir Þjóðhátíð svo sérstaka er að þetta er alvöru fjögurra daga keyrsla og fyrir fólk eins og mig, sem er aldrei tilbúið í að partyíð sé búid, er þetta bara draumur!

50 mismunandi outfit

Er Klara er spurð um hennar uppáhalds þjóðhátíðarsíð segir hún að hennar uppáhalds-þjóðhátíðarsíður sé alltaf að sitja með fólkinu sínu í hvítu tjöldunum. „Það er svo gaman að rápa á milli

tjaldanna með vinum sínum, hitta alla sem þér þykir vænt um og skoða stemninguna. Ég á fjölskyldu í Eyjum sem mér þykir óendanlega vænt um þannig það er alltaf jafn mikil stemning að hitta þau og þá sérstaklega á Þjóðhátíð þegar þau eru öll í gir.“

Hvað er fyrsta sem þú þakkar þegar fyrir ferð á Þjóðhátíð?

„Ég tek alltaf með mér svona 50 mismunandi outfit. Þannig það fyrsta sem ég þakka fyrir Þjóðhátíð er þessi klassíska útihátíðarjakki í 5 mismunandi litum. Mér tekst samt alltaf að gleyma fötunum sem eiga að fara innan undir jakkann og hleðslutæki, það virðist vera orðið að hefð hjá mér.“

Hulda frænka var næstum því fokin

Í lokin var Klara spurð hvort það væri eitthvað sem hún vilji koma á framfæri að lokum – Kannski einhver góð þjóðhátíðar saga.

„Þær eru nokkrar en flestar ekkert sem maður vill hafa skriflegt. Það er ein góð samt frá því í fyrra. Fjölskyldan mín sat inn í hvíta tjaldinu að spjalla og hafa það gott eins og maður gerir, síðan kemur einhver svaka vindkviða og rífur toppinn af tjaldinu með sér upp í loft og Hulda (Sæland Arnadóttir) frænka var næstum því fokin með. Fjölskyldumeðlimirnir úr brekkunni spottuðu þetta um leið og komu á harða spretti og gæslan fylgdi með. Þetta endaði allt saman vel en þessu verður seint gleymt.“



GLEÐILEGA ÞJÓÐHÁTÍÐ

OPNUNARTÍMI
FÖSTUDAG - SUNNUDAGS

11:00-20:00

MÁNUDAGUR

11:30 - 21:00

Pantanir

583-1500

www.voruhusid.is

GÓÐA SKEMMTUN Í
DALNUM!

Gunnar Páll formaður ÍBV-Héraðssambands ≡ Starf sem skiptir máli

Öflugt íþróttalíf skipti máli þegar þau fluttu til Eyja

≡ Öll börnin í íþróttum ≡ Velferð barna skiptir mestu

≡ Íþróttir lykill að betra lífi ≡ Nauðsyn að ala upp félagsmenn

ÓMAR GARÐARSSON
omar@eyjafrettir.is

„Já, þetta er að mínu mati eitt af aðalatriðunum sem barna-fjölskyldur horfa til þegar þau ákveða hvort flytja eigi í annað sveitarfélag. Vinna og húsnæði eru auðvitað númer eitt og tvö en aðstæður fyrir börnin til íþróttaiðkunar kemur þar fast á eftir,“ segir Gunnar Páll Hálfðánsen um þá þætti sem fjölskyldan skoðaði áður ákveðið var að flytja til Vestmannaeyja fyrir tólf árum. Hann er Vestfirðingur, alinn upp á Flateyri. Í dag vinnur hann hjá Vinnslustöðinni og er formaður ÍBV-Héraðssambands.

„Frá því ég var ungur fyrir vestan hefur maður heyrt að íþróttir og æskulýðsstarf séu besta forvörn sem í boði er. Því er ég sammála. Á einstaklega vel við í dag þegar við keppumst við að ala börnin okkar upp í umhverfi samfélagsmiðla. Umhverfi sem allan daginn alla daga ræður meira um uppeldi barnanna okkar en við foreldrarinnir. Því er félagslegur þroski í íþróttastarfi svo mikilvægur í dag.“

Öflugir sjálfbóðaliðar

Þið eigið fjögur börn. Hefur íþróttahreyfingin hér staðist þær væntingar sem þið höfðuð? „Já, ég myndi segja það. Hér fundu öll börnin mín eitthvað við sitt hæfi. Karate, handbolta, fótbolta, fimleika, skák og golf eru íþróttir sem þau hafa æft af fullum krafti eða að hluta í þessi tólf ár síðan við fluttum til Vestmannaeyja.“
Eitthvað sem kom ykkur á óvart? „Já, hversu öflugt íþróttastarfið er. Við erum rétt um 4700 og eigum mjög góða og öfluga einstaklinga sem leggja mikið á sig í sjálfbóðaliðastarfi fyrir hreyfinguna.“
Hvað stendur upp úr? „Ef þú ert að spyrja hvað stendur upp úr hvað varðar íþróttir yfir höfuð er það þegar okkur tekst að landa



Gunnar Páll: Ef við erum dugleg í að fjárfesta í fólki, aðstöðu og bjóða uppá jöfn tækifæri þá er framtíðin björt.

Íslands- eða bikarmeistaratitlum. Hvort sem er í karla- eða kvennaflokki í handbolta eða fótbolta. Það verður alltaf svo skemmtilega geggiuð stemning. En svona meira á persónulegu nótunum, þá finnst mér Stjórnmuleikurinn alltaf vera svo yndisleg stund.“
Hvað má betur fara? „Mér finnst þetta alltaf frekar leiðinleg spurning. Þrátt fyrir allt það góða sem gert hefur verið í gegnum tíðina og verið er að gera er alltaf mikilvægt að við hugum að því sem skiptir mestu máli, sem eru krakkarnir.

Við getum alltaf gert betu

Mikilvægt er að allir sem koma með einum eða öðrum hætti að íþrótt- og æskulýðsstarfi hafi að leiðarljósi, að huga að börnunum. Hvort sem er bæjarfulltrúi að taka ákvarðanir varðandi uppbyggingu á aðstöðu fyrir íþróttir, stjórnmálalímir í aðildarfélögum að huga að yngri flokka starfi, þjálfarar nú eða sjálfbóðaliði í hreyfingunni. Öll eigum við að hugsa fyrst og fremst um að gera aðstöðu og umhverfi sem allra best fyrir börnin. Það skilar sér

margfalt upp í meistaraflokkana með sterkari einstaklingum. Líka betri félagsmönnum inn í starfið.“

Skilum ungu fólki tilbúnu út í lífið

Þú hefur verið í stjórn ÍBV-Héraðssambands frá árinu 2020 og formaður frá 2022. Eitthvað sem kom þér á óvart eftir að þú steigst inn fyrir dyrnar? „Ég vissi ekkert hvað ég var að fara út í þegar ég sagði já við Björna vin minn, Björn Matthíasson í Vinnslustöðinni um að koma í stjórnina. Það sem hefur kannski komið á óvart og samt ekki, er hversu margir góðhjartaðir einstaklingar eru tilbúnir að gefa af tíma sínum til íþróttahreyfingarinnar. Á sama tíma er þetta ein stærsta áskorun hreyfingarinnar í dag að finna sjálfbóðaliða. Eins og ég minnst á hér áður, er eitt helsta verkefni okkar að ala upp félagsmenn.

Í mínum huga er stærsta verkefni íþróttafélaganna að ala börnin upp í heilbrigðu umhverfi þar sem hreyfing, samvera og liðsandi ræður ríkjum. Þar skipta forvarnir miklu máli og á íþróttahreyfingin að vera fyrirmynd fyrir börn og


unglinga. Halda þeim sem lengst fjarri óheilbrigðum lífsstíl. Þannig minnkum við brottfall og skilum ungu fólki tilbúnara út í lífið.“

Hvert er hlutverk stjórnarinnar?

„Hlutverk stjórnar ÍBV-Héraðssambands er margþætt en í grunninn er okkar tilgangur að efla, samræma og styðja við íþróttastarfsemi í Vestmannaeyjum í samræmi við íþróttalög sem og lög og reglur ÍSÍ. Þá styður Héraðssambandið við aðildarfélögin eins vel og við getum.“
Hvernig metur þú stöðuna í dag og hvernig sérðu framtíðina fyrir þér? „Staðan í dag er góð að mörgu leyti. Það er mikil þátttaka og sterkur samfélagsandi. Það sem við sem samfélag þurfum að huga að er aðstaða, fjölbreytni og faglegur stuðningur við hreyfinguna. Ef við erum dugleg í að fjárfesta í fólki, aðstöðu og bjóða uppá jöfn tækifæri þá er framtíðin björt. Einnig vil ég nota tækifærið og hvetja foreldra og forráðamenn, eldri iðkendur og í raun alla sem hafa áhuga til að gefa af sér til hreyfingarinnar. Við erum fyrirmyndir barnanna og það gerist ekkert af sjálfu sér.“

Lægsta verðið er komið til Eyja!

Veldu þína stöð í N1 appinu ➔



Nánari upplýsingar:
n1.is/stodin-min

Nú færðu loksins lægsta eldsneytisverðið á heimaslóð.
Það eina sem þú þarft að gera er að velja N1 stöðina
í Eyjum í N1 appinu. Svo byrjar þú bara að dæla með afslætti
sem þú munt gjörsamlega elska.

**Stöðin
mín** **N1**

Samveran er það sem stendur upp úr á Þjóðhátíð

ANNIKA VIGNISDÓTTIR
annika@eyjafrettir.is

Systurnar Þórunn Día og Eygló Myrra Óskarsdætur láta sig sjaldan vanta á Þjóðhátíð í Eyjum. Þær eiga rætur að rekja til Vestmannaeyja og eru að eigin sögn miklar Eyjakonur í sér og koma reglulega til Eyja að heimsækja ættingja og vini, enda er afi þeirra enginn annar en Svavar Steingrímsson og amma þeirra heitin Eygló Óskarsdóttir. Við fengum að setjast niður með systrunum og forvitnast um undirbúninginn, minningarnar og þá einstöku tilfinningu sem fylgir Þjóðhátíð.

Margar skemmtilegar minningar

Þegar þær rifja upp Þjóðhátíðir liðinna ára koma ýmsar dýrmæt- ar minningar upp. Eygló man sérstaklega eftir einni þjóðhá- tíðinni þegar þær systur voru yngri og mættu á Þjóðhátíð í blíðskaparveðri sem krakkar. „Okkur þótti mikið sport að fá að vera með í sem flestu sem tengdist hátíðinni og á þessum tíma var það algjör sigur að fá að vinna í sjoppunum. Það var mikið að gera í íssjoppunni á þessari Þjóðhátíð því veðrið var svo gott. Raðir mynduðust og brugðið var á það ráð að selja ís úr ískistum,” segir Eygló. „Við fengum svona stórar írskistur framan á okkur og fengum að labba um og selja ís og okkur fannst það alveg ótrúlega skemmtilegt. Það var þvflík



Systurnar Þórunn Día og Eygló Myrra Óskarsdætur á góðri stundu í Dalnum.

stemningin að fá að vera með,” segir Eygló og hlær.

Þórunn rifjar upp að sem barn hafi hún verið spennt fyrir söngva- keppninni. „Við systur tókum þátt mörg ár í röð, unnum aldrei, en þetta var alltaf jafn gaman! Enn þann dag í dag finnst mér gaman að horfa á keppnina því maður veit hversu mikið krakkarnir eru búnir að leggja á sig og það er eitt

og sér sigur að geta komið fram og sungið fyrir framan áhorfend- ur.

Einnig minnst þær sérstaklega á bekkjarbíllana og stemninguna sem fylgdi því að ganga frá Sóleyjargötunni frá ömmu og afa, setjast upp í bekkjabíl og renna niður í dalinn tilbúnar í hátíðar- höldin.

Undirbúningurinn partur af hátíðarhöldunum

Undirbúningurinn fyrir Þjóðhátíð hefst snemma hjá þeim systurum. „Við erum nú þegar byrjaðar að plana,” segja þær og nefna að það þurfi að huga að mat, drykk og skreytingum. Þórunn segist hafa rætt við Bínu tengdamóður sína á dögnum um hvað ætti að vera í tjaldinu og voru þær sammála um að það væri klárlega sírópsvínarbrauðið klassíska og mömmukökurnar sem þau eru með árlega, en svo gera þær systur líka hrískökur til að hafa í tjaldinu.

Þórunn Día er gift eyjamann- inum Birni Kristmannssyni og deila þau tjaldi með bróður hans, Guðfinni Kristmannssyni og Aðalheiði Jónsdóttur konu hans.

„Þeir sem taka þátt í okkar tjaldi eru skyldugir að koma með ferm- ingarmynd af sér, þannig að Eygló þarf að mæta með sína mynd þar sem hún ætlar að vera með okkur í tjaldi,” segir Þórunn og hlær.

Aðspurðar hvort þær fylgi ákveðnum hefðum þegar kemur að Þjóðhátíð þá minnst þær á að þegar þær voru yngri þá voru ákveðnar hefðir á þeim tíma.

„Fjölskyldan var velkomin í hvíta tjaldið hjá góðum fjölskyldum og vinum og þær rifja upp að það hafi verið hápunktur að fara í súpu til Jónu og Gvendar í Foto á sunnudeginum fyrir brekkusöng, alltaf mikið stuð þar.

Þær eru sammála um að það sem stendur upp úr á Þjóðhátíð í dag á þeirra fullorðinsárum snúist fyrst og fremst um samveruna og að ná að hitta ættingja og vini sem þær hitta ekki endilega á hverjum degi. „Maður hittir kjarnann sinn og það að gefur manni ótrúlega mikla orku,” bæta þær við.

„Í dag höfum við skapað okkar eigin hefðir, við mætum á setninguna í okkar finasta pússi og höldum svo setningarkaffi í tjaldinu. Á laugardagskvöldinu erum við með „Kakó og straw“ party í tjaldinu okkar, þá mæta vinir og vandamenn í tjaldið og hlýja sér með góðum drykk.“ Á fimmtudagskvöldinu fyrir hátíðina skreyta þær svo tjaldið og opna eina kampavínsflösku með. „Við erum auðvitað bara með fjórar fermingarmyndir sem skraut, svo þetta snýst aðallega um að skála“ segir Þórunn og hlær.

Þegar þær eru spurðar hvað gerir Þjóðhátíð einstaka eru þær sam- mála um að það sé fólkið númer eitt, tvö og þrjú. „Fólkið, eyjan og krafturinn í klettunum,” bætur Þórunn við.

Að lokum langaði okkur að vita hvaða lag væri þeirra uppáhalds þjóðhátíðarlag. Eygló nefnir að hún sé með þrjú lög sem hún haldi mest upp á og það séu „Þúsund hjörtu“, „Lífið er yndislegt“ og „Þar sem hjartað slær“. Þórunn segir að sitt uppáhalds þjóðhá- tíðarlag sé klárlega „Dagar og nætur“ eftir Bryndísi Ólafsdóttur og Eyjólf Kristjánsson.

Það er greinilegt að Þjóðhátíð á sérstakan stað í hjarta systrana, þar sem minningar, hefðir og samverustundir fléttast saman og er það nokkuð ljóst að þær munu ekki einungis mæta með ferm- ingarmyndir og hrískökur með í dalinn heldur einnig með gleði, góða orku og stemningu.



Þórunn Día Óskarsdóttir, Sýlvía Ása Björnsdóttir, Björn Kristmannsson, Eygló Myrra Óskarsdóttir, Guðfinnur Kristmannsson, Arnar Ze Guðfinnsson, Aðal- heiður Jónsdóttir, Stefánía Carol Guðfinnsdóttir og Óskar Júlían Björnsson.



Gleðilega
Þjóðhátíð



UMHVERFIS- VIÐURKENNINGAR VESTMANNA- EYJABÆJAR



Umhverfisviðurkenningar Vestmannaeyjabæjar
Óskað er eftir tilnefningum frá bæjarbúum varðandi
Umhverfisviðurkenningar Vestmannaeyjabæjar fyrir
árið 2025 í eftirfarandi flokkum:

- Snýrtillegasta eignin
- Snýrtillegasti garðurinn
- Snýrtillegasta fyrirtækið
- Endurbætur til fyrirmyndar
- Framtak á sviði umhverfismála

***Tillögur sendist til og með 10.ágúst 2025 á netfangið:
umhverfissvid@vestmannaeyjar.is***

Er um bara rétt að byrja

**TRYGGVI MÁR
SÆMUNDSSON**
tryggvi@eyjafrettir.is

Nýverið sendi Eyjahljómsveitin Memm frá sér nýtt lag sem ber nafnið „Dalurinn ómar“. Lagið er gefið út sérstaklega fyrir Þjóðhátíð 2025, en þetta er fjórða árið í röð sem Memm stígur á svið í Herjólfssdal. Lagið fangar þá tilfinningu sem aðeins fæst í dalnum, þ.e. stemninguna, samveruna, minningar og mögnuð augnablik.

Aðspurður um hvernig viðtökur lagið hafi fengið segir Hafþór Elí Hafsteinsson, söngvari að það hafi fengið frábærar viðtökur, en Hafþór samdi lagið ásamt þeim Helga R. Tórshamar og Herði Þór Harðarsyni. Þeir Hafþór og Hörður sáu einnig um textasmíð.

En blaðamanni lék forvitni á að vita hvort meira af nýju efni sé leiðinni frá Memm. „Við erum bara rétt að byrja, það er alltaf eitthvað í smíðum hjá okkur og við erum hvergi nærri hættir að gefa frá okkur efni,“ segir Hafþór.

Föstudagurinn er Memm dagur

Spurður um hvenær þeir komi fram á hátíðinni segir hann að þeir komi fram á föstudeginum. „Það má eiginlega segja að föstudagurinn sé Memm dagur! Við verðum á Brekkusviðinu kl. 21:00 og tökum smá tónleika stemningu og hendum okkur svo yfir á Tjarnarsviðið beint eftir brennu og keyrum í þrusuball!“

Hvernig upplifir þú það að spila fyrir gesti Þjóðhátíðar í Herjólfssdal – hvað gerir þessa hátíð öðruvísi? Mín upplifun að spila fyrir þjóðhátíðargesti er alveg hreint stórkostlegt! Það er alltaf



Hljómsveitin Memm.

stemning í gestunum, Þjóðhátíð er náttúrulega bara algjör toppur á sumrinu.

Gæti verið gaman að vinna með Friðrik Dór

Ef þú mættir vinna með hvaða íslenska (eða erlenda) tónlistarmanni sem er – hver væri það? Það eru svo margir, ég hugsa að það gæti verið gaman að vinna með Friðrik Dór.

Aðspurður um hvort hann eigi sér einhvern uppáhalds þjóðhátíðarsíð svarar Hafþór Elí að það sé bara að vera með góðum vinum og kíkja í hvítu tjöldin. „Það er alltaf stemning, svo erum við hljómsveitin Memm að koma fram á Þjóðhátíð fjórða árið í röð núna, væri gaman að gera það bara að góðum síð!“ segir hann brosandi og bætir við að Memm sé á Spotify. „Endilega kíkðu á það og gleðilega Þjóðhátíð!“



Hafþór kominn í girinn á Tjarnarsviði.

ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM?

Vönduð og persónuleg þjónusta



HAFÐU SAMBAND

HALLDÓRA KRISTÍN
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI OG
VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR

✉ dora@husfasteign.is

☎ 8611105

🌐 eyjaeignir.is

Hve dátt er hér í dalnum inni,
er dagur lýkur göngu sinni
og þegar ljómar bálið hjarta,
þá birtir yfir hverju hjarta.

Oddgeir Kristjánsson/Ási í Bæ

Góða skemmtun!



Þjóðhátíð barnanna



Fjölskyldustund í brekkunni.



VIGNIR SIGURÐSSON
5 ára

Fjölskylda: Mamma heitir Annika, pabbi Siggí og bróðir minn heitir Leó.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú ert orðin stór? Mig langar að keyra bíl og vinna í Bónus.

Hvað hefur þú farið oft á Þjóðhátíð? Já, nokkrum sinnum.

Hvað er það besta við Þjóðhátíðina? Að syngja og skoða ungana. Tjörnin er svo flott og það er hægt að kaupa eitthvað skemmtilegt, og svo er hægt að fara í aparóluna.

Hvað er uppáhalds þjóðhátíðarlagið þitt? Uppáhalds lagið mitt er RÓA.

Hvað myndir þú kaupa þér í sjoppunni í Dalnum? Línuspey. Ertu með ráð til fullorðna fólksins? Að þau geti keypt í Bónus hjá mér.



LEÓ SIGURÐSSON
10 ára

Fjölskylda: Mamma mín heitir Annika, pabbi Siggí og bróðir minn heitir Vignir.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú ert orðin stór? Sjómaður.

Hvað hefur þú farið oft á Þjóðhátíð? Ég myndi segja svona 5 sinnum eða eitthvað.

Hvað er það besta við Þjóðhátíðina? Línuspreyin eru langskemmtilegust.

Hvað er uppáhalds þjóðhátíðarlagið þitt? Heimaey með Friðrik Dór og Jón Jónssyni.

Hvað myndir þú kaupa þér í sjoppunni í dalnum? Línusprey. Ertu með ráð til fullorðna fólksins? Get ég fengið frítt línusprey?



MYRRA RÚN BJARNADÓTTIR
9 að verða 10 ára

Fjölskylda: Mamma mín heitir Arna Hrund, pabbi minn Bjarni Rúnar, bróðir minn heitir Einar Bent og systir mín Björt.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú ert orðin stór? Fótboltastjarna.

Hvað hefur þú farið oft á Þjóðhátíð? Ég hef farið bara alltaf.

Hvað er það besta við Þjóðhátíðina? Að sitja upp í brekku með fjölskyldunni minni.

Hvað er uppáhalds þjóðhátíðarlagið þitt? Eyjanótt með Klöru Elíasar.

Hvað myndir þú kaupa þér í sjoppunni í Dalnum? Uppblásið dýr.

Ertu með ráð til fullorðna fólksins? Skemmtið ykkur vel á Þjóðhátíð.



BJÖRT BJARNADÓTTIR
5 ára

Fjölskylda: Mamma mín heitir Arna Hrund, pabbi minn Bjarni Rúnar, bróðir minn heitir Einar Bent og systir mín Myrra Rún.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú ert orðin stór? Klippingakona.

Hvað hefur þú farið oft á Þjóðhátíð? Já, ég hef farið oft.

Hvað er það besta við Þjóðhátíðina? Spreyja með línuspreyi.

Hvað er uppáhalds þjóðhátíðarlagið þitt? Eyjapeyja (Ljúft að vera til).

Hvað myndir þú kaupa þér í sjoppunni í Dalnum? Ég veit það ekki.

Ertu með ráð til fullorðna fólksins? Nei.



RÖKKVI DAÐASON
6 ára

Fjölskylda: Mamma mín heitir Thelma Hrund, pabbi minn heitir Daði, systur mínar heita Kamilla Dröfn og Kristel Kara.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú ert orðinn stór? Kappakstursbíla- maður.

Hvað hefur þú farið oft á Þjóðhátíð? Já svolítið oft.

Hvað er það besta við Þjóðhátíðina? Söngurinn.

Hvað er uppáhalds þjóðhátíðarlagið þitt? Þarna.. blossinn og eitthvað það.

Hvað myndir þú kaupa þér í sjoppunni í Dalnum? Byssur og línusprey.

Ertu með ráð til fullorðna fólksins? Nei.

Gaujulundur hefur náð fyrri reisu **≡** Þökk sé Renate frá Lettlandi

Fær þar útrás fyrir ástríðu sína í garðyrkju

ÓMAR GARDARSSON
omar@eyjafrettir.is

Gaujulundur er vin í Nýja-hrauninu sem var gróður-nautt og svart á árunum eftir gos. Það var sumarið 1988 sem hjónin Erlendur Stef-ánsson og Guðfinna Ólafs-dóttir, Elli og Gauja hófu af mikilli eljusemi uppgræðslu og ræktun í dalverpi á Nýja hrauninu, aðeins 15 árum eftir jarðeldana 1973. Í upphafi var þar enginn jarðvegur, tómur vikur en með árunum dafnaði lundurinn og fékk nafnið Gaujulundur eftir Gauju. Er það vel við hæfi. Síðustu ár hefur Gaulundi lítið verið sinnt en í vor sá ung kona, Renate Heisek frá Lettlandi tækifæri til að fá útrás fyrir ástríðu sína í garðyrkju. Hafði samband við bæinn og hjólin fóru að snúast.

Gauja og Elli voru bæði hætt að vinna og lögðu alla sína krafta í að græða upp svart hraunið. Elli lést árið 2007 og Gauja 2015. Hún eyddi síðustu árunum á æskulóðunum austur í Vík. Gaujulundur er og verður góður minnisvarði um þau heiðurshjón. Sumarið 2006 tóku hjónin Jónas Þór Sigurbjörnsson og Hrefna



Renate er uppalin við garðrækt og þar sem hún hefur ekki garð sá hún tækifæri í Gaujulundi fyrir grænar fingur. Myndir Óskar Pétur.

Ósk Erlingsdóttir að sér rekstur og umhirðu og áframhaldandi uppbyggingu Gaujulundar. Eftir að þau fluttu hefur lítið gerst þangað til í sumar að Renate Heisek, sem hér hefur búið í tvö og hálft ár með fjölskyldu sinni sá að þarna var verk að vinna. Renate er uppalin við garðrækt og þar sem hún hefur ekki garð sá hún tækifæri í Gaujulundi fyrir grænar fingur.

Renate kemur frá þorpinu Tirza í Lettlandi, stutt frá borginni Gulbene. Kom til Íslands fyrir tveimur og hálfu ári. Var einn mánuði í Reykjavík sem henni finnst ekki skemmtileg. Þá bauðst þeim vinna í Vestmannaeyjum. Renate vinnur hjá Laxey og maður hennar, Sand-

ris hjá fasteignafélaginu DVG. Þau eiga strákana Deivids 13 ára og Endijs 10 ára.

Í garðrækt hjá ömmu

„Heima í Lettlandi er hlýtt á sumrin og hægt að rækta nánast allt. Við bjuggum í íbúð með engum garði eins og er hjá okkur núna. Mamma og amma voru með garða og ég hjálpaði ömmu sem ræktaði blóm og grænmeti sem hún seldi. Það var svo á þessu ári sem mig langaði til að taka til hendinni í Gaujulundi. Spurði eiginmanninn; kannski þarf ég að tala við einhvern hjá Vestmannaeyjabæ? Hann gæti setið heima,“ sagði Renate sem fékk Sólveigu Rut Magnúsdóttur yfirmann sinn hjá Laxey í lið með sér.

Hún ræddi við Jóhann Jónsson, verkstjóra hjá bænum og Eirík Ómar Sæland garðyrkjumeistara Vestmannaeyja sem voru til í að leggja henni lið. „Það var fyrst eftir að ég ræddi við Trausta Hjaltason að málið komst á hreyfingu. Eiríkur lét mig fá blóm og ég byrjaði á fullu 26. maí í vor. Fyrsta verkið var að hreinsa blómabeðin og setja niður ný blóm. Næsta skref var að klippa trén, taka til og núna er bara slá grasið og halda öllu snyrtilegu. Ef mér finnst eitthvað vanta kaupi ég það sjálf.“

Griðastaður

Renate mætir eftir vinnu á

hverjum degi þegar veður leyfir og alltaf liggja fyrir ný verkefni. „Þegar veðrið er gott kem ég strax eftir vinnu klukkan fjögur, fer heim klukkan sjö að gefa strákunum að borða og svo aftur í Gaujulund. Segi eiginmanninum að hringja ef ég er ekki komin heim klukkan tíu á kvöldin,“ segir Renate hlæjandi.

Hún kann að meta þann frið og ró sem er að finna í Gaujulundi. „Þetta er griðastaður þar sem ég get gert það sem mig langar til. Á uppvaxtarárunum í Lettlandi fór ég út í garð á kvöldin og var þar alveg fram í myrkur. Þar leið mér vel og það sama á við í Gaujulundi. Rólegheit sem eru góð fyrir sálina.“

Já, þar er hún oft ein en margir, bæði ferðafólk og kíkja í lundinn og það þykir henni vænt um. „Fólk er ánægt og finnst áhugavert að sjá lítinn gróinn dal í miðju hrauninu. Það er gaman og smá viðurkenning fyrir mig og Gauju og Ella sem byrjuðu hér fyrir bráðum 40 árum.“

Eru ekki á förum

Renate ætlar að halda áfram að vinna í Gaujulundi og fjölskyldan er ekki á förum. „Hér verðum við þangað til börnin verða fullorðinn og hafa lokið skóla. Þeir eru tíu og þrettán ára og þegar við spyrjum hvort við eigum ekki að flytja til Litháen, segja þeir nei. Þið megið fara en við ætlum að vera hér. Það er svo þeirra að ákveða hvað þeir ætla að gera í framtíðinni.“

Sjálfr er Renate ánægð í Vestmannaeyjum. „Þetta er frábær staður. Fyrsta mánuðinn hér á landi vorum við í Reykjavík og það fannst mér hroðalegt. Mikill hávaði, ólíkt Vestmannaeyjum. Við búum í góðri íbúð og erum ánægð og bónusinn fyrir mig er Gaujulundur,“ sagði Renate að endingu.

Heimsóknir í Gaujulund skipta þúsundum á hverju sumri og er einn af föstu áningarstöðum þeirra sem heimsækja Vestmannaeyjar. Þar er að finna um 700 plöntur, tré og blóm og líkón af húsum sem Elli smíðaði og falla vel inn í umhverfið. Hefur lundurinn þreyst til hins betra í sumar sem þakka má Renate.



Renate og Jóhann Jónsson, verkstjóri hjá bænum sem ásamt Eiríki Ómari Sæland garðyrkjumeistara Vestmannaeyja hafa lagt henni lið.

Brennan á sínum stað í Dalnum

ANNIKA VIGNISDÓTTIR
annika@eyjafrettir.is

Ein áhrifamesta og táknrænasta stund Þjóðhátíðarinnar á sér stað þegar logandi brennan rís upp af Fjósakletti og lýsir upp Herjólfssdal á föstudagskvöldinu. Það kemur í hlut brennugengisins sem samanstendur af karlaliði handboltans í ÍBV, að halda utan um verkefnið að stafla og kveikja í brennunni. Við settumst niður með Degi Arnarssyni, einum úr brennugenginu, og fengum innsýn í undirbúninginn og öðru sem fylgir því að sjá um brennuna.

„Undirbúningurinn byrjar snemma,“ segir Dagur. „Fyrsta skrefið er að hafa samband við fyrirtæki fá þau til að halda brettum til hliðar fyrir okkur. Svo þurfum við að redda okkur tækjum og bílum, safna brettunum saman og flytja þau niður í dal og stafla svo upp brennunni í framhaldinu.“ Markmiðið þeirra er að vera búin að stafla brennunni upp og gera hana klára í síðasta lagi á þriðjudeginum fyrir Þjóðhátíð. „Á miðvikudagskvöldinu höldum við svo smá brennuslútt innan hópsins. Þá kveikjum við í lítilli brennu með afgöngunum sem ekki var hægt að nýta, og höfum gaman.“

Um 30 manns koma að gerð brennunnar sjálfrar og að sögn Dags bætast svo við um 15 manns sem koma og hjálpa til við að kveikja í henni á föstudagskvöldinu. „Í heildina eru þetta svona 35 til 40 manns sem koma að þessu, hver með sitt hlutverk.“

Ákveðin pressa

Það er þó ekki sjálfgefið að allt gangi snurðulaust fyrir sig. „Við pössum alltaf upp á öryggi og reynum að gera þetta vel, en auðvitað hafa komið upp smá óhöpp, sem betur fer engin alvarleg.“ Stundum geta aðstæður verið mjög krefjandi þegar kemur að brennunni. „Í fyrra var til dæmis rosalegt rok og rigning, og við náðum bara að kveikja í fremsta hluta brennunnar. Það var svo mikil vindur í gegnum hana að eldurinn náði ekki almennilega að breiðast út. Þetta er alltaf smá pressa, en við reynum alltaf að gera okkar besta. Maður fær spennufall þegar þetta er búið, en þetta er líka mjög skemmtilegt.“



Brennan á Fjósakletti er alltaf jafn tignarleg. Mynd Óskar Pétur.



Dagur ásamt brennugenginu í Herjólfssdal. Mynd Bent Marínsson.

Mikið adrenalín

Þegar Dagur er spurður hvað honum finnst skemmtilegast við þessa hefð svarar hann hiklaust að það sé stemningin. „Það er eitthvað við það að mæta á kvöldin með félögum og stafla

í brennuna. Það er gauragangur og þéttir hópnum saman. Svo er algjört adrenalín að fara upp á Fjósaklett á föstudagskvöldinu kveikja í brennunni og vera klár með olúna og skvetta á brennuna.“

Að lokum vill Dagur koma á framfæri þökkum til þeirra fyrirtækja sem styðja við brennugengið ár eftir ár, með því að lána þeim bíla, tæki og halda saman brettum sem gera þeim kleift að græja þetta.



Vestmannaeyjar árið 1967. Myndina tók Unnar í Ystakletti og má sjá nær allan bæinn, innsiglinguna, Hringskersgarðinn, Skansinn og Urðirnar austur á Kirkjubæ. Leiksvæði Unnars og peyjanna í austurbænum.

Unnar Guðmundsson frá Háagarði

Það þarf ekki margar í hundraðið en nokkrar í þúsundið

VIÐTAL
ÁSMUNDUR
FRIÐRIKSSON

Það má segja að Unnar í Háagarði sé trillu- og lundaveiðikarl sem náði að tengja samfélag veiðimanna sem fæddust fyrir aldamótin 1900 og þeirra sem enn stunda sjóinn á smábátum og lundaveiði í Eyjum. Á mótunarárum Unnars eru Eyjarnar að stíga skref inn í nýja tíma. Enn var stundaður landbúnaður á Kirkjubæjum og kýr og kindur voru í barnæsku hans í Háagarði og austurbærinn líkari sveit en bæ með grónum túnum og beitarnandi hvert sem lítið var. Háigarður stóð eins og kastali á besta stað við hæð austan við Svanhól, þá kom Hlaðbær og Skáli og norðan við Austurvegin á stóðu Vilborgarstaðir vestri og eystri. Nokkru austar við Brennihól var Vallartún og þá var stutt í Norðurbæ á Kirkjubæjum þar sem Þórdís systir Unnars var bóndi ásamt manni sínum Magnúsi Pétursyni, betur þekktur sem Maggi á Kirkjubæ. Í hjarta austurbæjarins lá Vilpan, gamalt vatnsból bæjarmanna og síðar leiksvæði barna og unglinga sumar og vetur.

Á Brennihól var til forna tendruð lítil brenna þegar póstur var sendur frá Vestmannaeyjum til lands og var því svarað með því að menn



Hjónin Bryndís Rögnvaldsdóttir og Unnar í Háagarði.

á Bakka í Austur-Landeyjum, tendruðu þar bál og öfugt. Samkvæmt Heimaslóð var þetta kallað að „kynda vita.“ Unnar og Bryndís Rögnvaldsdóttir eiginkona hans fluttu í Garðinn og settust þar að eftir Heimaeyjargosið árið 1973

ásamt fjölda Eyjamanna. Saga Unnars er saga Eyjamanns sem tengir þriggja alda tímabili sem er lífskeið samferðamanna hans og er saga frá fábrotnum atvinnuháttum til nútíma hátækni. Hér er líka fjallað um mús-

íkalska fjölskyldu frá eyjunni grænu, samfélag Eyjamanna í Garðinum og útgerðarsögu Báru VE. 141, sem fórst og með henni bræður Unnars þeir Bjarni og Jóel.

Eyjamenn sem enn voru dreifðir víða um land eftir gosið í Heimaey upplifðu Báruslys- ið sem áfall í því bataferli sem fylgdi í kjölfar brottflutningsins frá Eyjum. Frásögn Unnars er merkileg heimild um lífið í hnotskurn frá hans brjosti.

Ingibjörg systir drukknað í Vilpu

Ég fæddist í Háagarði 22. júlí árið 1947, faðir minn Guðmundur Jóelsson f. 1907, d. 1965, var sjómaður alla tíð og átti um tíma hlut í Þristinum, með Gísli Friðrik Johnsen á Brekku og Óla í Suðurgarði. Þá reri pabbi með Þorgeiri bróður sínum á Lundanum og átti trilluna Hlýra.

Mamma mín Laufey Sigurðardóttir f. 1910, d. 1995, og ólst upp á Hala þar sem foreldrar mínir kynnst síðar. Við erum níu systkinin frá Háagarði og sex af okkur komust til manns. Sigurbjörg Báru var elst en dó 19 ára, drengur lést þriggja mánaða og Ingibjörg systir mín f. 1958 drukknaði í Vilpu tæplega þriggja ára, en það var Gaui í Vallartúni sem kom að henni látinni í vatninu þegar hann átti leið í bæinn. Hann ber lík Ingibjargar heim í Háagarði, en það var skýringin á því að eldhúsgólfíð var allt blautt þegar ég kem heim úr skólanum þennan dag. Það var afar óvanalegt að

mamma væri ekki heima og ég gat ekkert hringt, því það var enginn sími í Háagarði á þessum árum. Eftir þetta hörmulega slys var mikið rætt um álög á Vilpu og upp var töluð krukkaþá sem sagði að enginn færist í Vilpunni ef hún fengi að vera óbreytt. Þá hafði nýlega verið hlaðinn garður í kringum tjörnina og réttum 10 árum síðar drukknaði annað barn í Vilpu og var hún þá fyllt upp. Við vorum alin upp við hættur eyjalífs, en brim og björg kölluðu okkur til sín og lífið hélt áfram en sorgin gróf sér stað í hjarta okkar.

Háigarður var við túnfótinn að sveitarlífinu á Kirkjubæjum sem var þrátt fyrir allt fullt af lífi og gleði. Í Svanhóll voru glaðværir nágrannar, Hilmir, Hanni, Halla, Diddi og Gunnar, í Hlaðbæ var Elli Björns þar til hann flutti og Halldór Bjarni sem brallaði margt, smíðaði loftpúðaskip, þyrllu og flugvél. Hann var rosalegur grúskari eins og pabbi hans sem stoppaði aldrei og byggeði endalaust við Skála enda mjög duglegur karl.

Þá flutti Gunna Lofts og Hörður í Hlaðbæ með Loft, Friðrik og Ágústa en þau voru áður í kjallaranum hjá Sigga Auðuns vestar á Austurveginum. Jóel Jónsson átti Hlaðbæ og var þar í einu herbergi, en fór svo í sameiginlegt mótuneyti með Línu og hænunum hennar á Vilborgarstöðum.

Norðan við Vilpu á Eystri Vilborgarstöðum bjuggu foreldrar Gunnu Lofts, Loftur og Ágústa, með hænum og kindum. Vallatún var austan við Brennihól þar sem Halldór Bjarni hengdi sprönguna í staurinn og við sprönguðum af hólnum og tókum sving út fyrir götuna. Þetta var draum umhverfi í hlífum Helgafells, sem við töldum að ætti eftir að sofa í 5000 ár til viðbótar, svo við vorum róleg. Vilpan var samkomustaður okkar, á sumrin voru smíðaðir bátar og siglt á tjörninni og við veiddum brúnklukkur, en á veturna var skautað þar á svelli.

Þetta var sveit, en pabbi var eins og flestir í austurbænum með kindur og ég man eftir tveim-

ur kúm í Háagarði. Þær voru í hlöðunni, eins og kindurnar og kamarinn. Þorbjörn á Kirkjubæ var með stærsta kúabúðið og Maggi og Dísu með 20 kýr þegar mest var. Í Ólafsbæ bjuggu Guðrún og börn hennar Sigurbergur og Aðalheiður. Siggí var með dekkja-verkstæði og var mikill vöundur. Hann smíðaði alla háfana mína og spækur, var fyrir tíma fibersins, en ég var hóf lundaveiði löngu fyrir fermingu.

Svo vorum við hlaupandi á eftir fótbolta öllum stundum á Vatnsdalstúninu og á Búastaðatúninu, en þar hafði Loftur blikkað Júllu á Vestri-Búastaðum og fengið leyfi til að spila fótbolta þar.

Í ofanálag var ég í sveit að Flögu í Skaftártungu í nokkur ár, flaug á hverju voru á Skógasand í veg fyrir rútuna austur í Tungu. En þar bjuggu hjónin Sveinn Gunnarsson og Sigrúna Gísladóttir. Mér leið afskaplega vel í sveitinni þessi sumur í Tungunni, en missti fyrir bragðið mikið af fótboltanum í yngri flokkunum á þessum árum. En reynsla í sveitarstörfum komu sér vel þegar ég fór að hjálpa Dísu systur og Magga sem voru bændur í Norðurbæ, ein af jörðunum austur á Kirkjubæjum. Ég fór oft í heyskap hjá þeim og lagði Magga lið við byggingu á sárheysgryfju og vélalofti, haustið þegar ég var 16 ára.

Landburður í þorsknót

Þetta sama haust fór ég á síld með Gauja á Miðhúsum á Kára sem hann var með fyrir Einar ríka. Úr varð að ég fylgdi Gauja á Metuna og ég var tvö ár á þessum stærri bátum, á þorsknót, línu og netum. Það var mikið ævintýri að fara á þorsknót eftir fyrstu vertíðina á Kára. Við vorum að taka upp netin þegar Gauri segir okkur strákunum að það sé til gömul síldarnót hjá útgerðinni og spyr hvort við séum til í að prófa þorskveiðar í nótina. Það gekk rosalega vel og við rótfiskuðum. Og þegar við vorum svo komnir á þorsknótina var ævintýrleg veiði og við lönduðum á hverju kvöldi, 20 tonn og upp í 40




Háigarður stóð lengi fyrir Flakkaranum, en þessi mynd var tekin 20. Febrúar í eldgosinu á Heimaey 1973. Mynd Sigurgeir.

tonn eftir daginn.

Það var alveg svakalegt að sjá hvernig við fórum með hráefnið, þegar meira barst að landi en húsin höfðu undan að vinna. Planið fyrir austan Hraðfrystistöðina var fullt af fiski og traktor notaður til að ýta fiskinum inn í móttökuna og við Fiskiðjuna mátti sjá öll plön full af fiski, það var í raun alveg skelfilegt að horfa upp á þetta. Seinna árið á Metunni var meiri ýsuveiði inn af Elliðaey í nótina og þá var farið að takmarka landanir, og bátar sendir í Þorlákshöfn til löndunar. Við fengum einu sinni 30 tonna kast og við vorum sendir með það í Þorlákshöfn en þá var landburður af fiski og vinnslan hafði ekki undan. Það var löndunarbið og bátarnir lágu úti og voru kallaðir inn að bryggju til löndunar þegar pláss var til. Þetta voru einstakir tímar sem við sjáum aldrei aftur í veiðum og vinnslu við Ísland.

Bergur í Hjálmholti mætti á Bæjarbryggjuna

Ég ánetjaðist snemma sjónum og var trillukarl, hafði unnið við beitningar í skúrunum austan við Hraðfrystistöðuna. Þar lagði ég mitt fyrsta bjóð þegar ég færði þabba kaffi í beituskúrinn, en



Bergur í Hjálmholti á Bæjarbryggjunni í apríl 1961 á þeim tíma sem sagan er að gerast. Mynd Sigurgeir.

hann beitti sjálfur allar landlegur og oft var tekið bjóð ef þeir voru snemma í landi.

Það eru mikil verðmæti fólgin eru í þeirri sögu sem ég náði að upplifa og kynnast merkilegum mönnum og kvistum í lífstrénu. Ég á þá minningu að hafa verið skipsfélagi Trana í Görn á Báru VE 85, með Tryggva í Miðhúsum og Kidda bróður hans. Ég var bara peyjagutti þegar þeir plötuðu mig á skak, en við Trani vorum



Bræðurnir f.v. Unnar, Jóel og Bjarni, þeir voru útgerðarmenn á Bárunni VE. 141 þar til hún fórst 4. mars árið 1981.



Báran var smíðuð hjá Skipaviðgerðum í vestur slippnum í Eyjum og var hleypt af stökkunum í byrjun árs 1970.

hásetarnir um borð, hann fremstur með rúlluna, þá ég og Kiddi en Tryggvi skipstjóri aftastur. Í einum róðrinum lendum við í færaflækju og úr varð helvítis bras og rifrildi, hvor eigi að sleppa færinu niður. Trani sleppir færinu á undan og þá kemur snögg skvettur á bátinn og ég fæ færið og öngulinn í höndina. Og það skipti engum togum að öngullinn og agnhaldið fór í gegnum lúkuna á mér. Ég var eini rólegi maðurinn um borð og spyr hvort þeir væru ekki með töng til að klippa agnhaldið af. Það var ekkert verkfæri um borð og í einhverju ódagoti er keyrt í land. Á bryggjunni var næsti bíll stoppaður og fenginn til að skutla mér á sjúkrahúsið þar sem Örn Bjarnason læknir tók á móti mér. Ég man eftir því þegar hann kom með þessa svakalegu 30 cm töng, eins og maður notar við að klippa steypustyrktarjárn nema hvað töngin var krömuð. Naglbítur hefði dugað til að klippa agnhaldið, en þetta fór allt vel og ég fór aftur á sjó.

Það þekkir enginn Magnús Tómasson frá Hrafnabjörgum, en allir þekkja Manga krumm, trillukarl og fiskisala. Þetta skemmtilega viðurnefni „krumm, eða krummó“ er dregið af húsnafninu og kannski svolítið langsótt. En Mangi krumm átti bátinn Nonna sem var alltaf ómerktur, þangað til að Landhelgisgæslan hafði komið að honum úti í sjó og krafðist þess að nafnið væri málað á bátinn. Ég skar út nafnið í harðan vaxborinn pappa úr síldaröskju og málaði NONNI á birðinginn í stjórn og bak. Í Nonna var eins síflindra hæggeng vél og menn gerðu grín

af því að það tæki vélina bara eitt til tvö þung slög að koma trillunni austur fyrir Bjarnarey. Það lá því við slysi þegar Mangi var að draga við Bjarnarey með aðkúplað og ætlaði að kúpla frá. Þá rekur hann sig í Ólufjöfina og setur allt í botn með þeim afleiðingum að hann hélt að vélin ætlaði niður úr bátinum, slík voru högginn. Haustið 1972 var Nonni að venju tekinn upp, hann stóð í nausti við gaffinn á Austurhúsinu í Fiskidýgunni. Í gosinu um veturinn þegar vikri var rutt fram af þaki hússins fyllti hann bátinn, sem brotnaði í sundur og var ónýtur eftir það.

Sigurjón Gottskálksson í Hraungerði var hægur maður sem gott var að róa með. Við gerðum einu sinni góðan lönguróður austur á Holshrauni á Sleipni VE 303, og fengum þessar líka svakalegu beljurnar. Við lönduðum þessum fína afla í kerrur á Bæjarbryggjunni. Þar var að venju mættur Bergur í Hjálmholti, ásamt fleiri gömlum körlum sem settust á steipta pollann eða á brúnina á upphækkuninni. Bergur talaði hátt og hann segir, „já þetta er nú aldeilis flott, já, já, það þarf ekki margar í hundraðið af þessari stærð.“ Þá gellur við í Manga krumm, „en það þarf nokkrar í þúsundið.“ Bergur setti svip sinn á samfélagið, hann mætti eins og fleiri þegar fyrsta gatan var malbikuð í Eyjum. Þá stóðu góðborgarar í hóp á fortöinu á horni Bárugötu og Strandvegur þegar malbikið rann yfir mölina. Þá mátti heyra Berg í Hjálmholti segja, „það kemur alltaf svart aftan úr íhaldinu!“ Þá blessaði Bergur minningu Stalíns og

hirdarinnar í Sovétinu, svona rétt til að minna menn á roðann í austri.

Báran smíðuð í Eyjum árið 1970

Við bræður Bjarni og Jóel, létum smíða fyrir okkur nýja bát hjá Skipaviðgerðum. Báran var 12 tonna þilfarsbátur með 64 hestafla Buka vél, en smiðirnir voru Bárður Auðunsson, Eggert á Flötunum og Óli í Nýhöfn sem var með gott auga fyrir bátasmíði. Við gerðum út á færi og línu, en ég beitti í landi á línunni og lönduðum hjá Einari ríka í Hraðfrystistöðina. Á Kornloftinu voru beituskúrar og þangað var kuldalegt að koma í kolsvarta myrkri, allt fullt af draugum, en líklega hjálpuðu þeir mér við flækjurnar. Þess utan var ekki mjög gestkvæmt, Gölli Valda leit við flesta daga þegar hann labbaði niður Skansinn, en þá bjó hann á elliheimilinu Skálholti við Urðaveg og hættur að drekka. Einu sinni kemur hann hreinlega með boðaföllum, til að láta mig vita að það væri loðnubátur á landleið. Hann vissi að við vorum alltaf að leita okkur að beitu og loðna var fin beita. Gölli kom mér fyrir sjónir sem finni karl og var til baka þegar ekkert var í önum, en ræðinn um fiskirí og veðrið.

Útgerðin gekk vel og við keyptum Þórunnarhúsið við Formannasund á móti Kuða, rétt ofan við Bæjarbryggjuna. Tóti í Turninum og Rútur Snorrason höfðu keypt húsið til að koma í veg fyrir að aðrir opnu þar verslun. Það voru sameiginlegir hagsmunir að við keyptum húsið og grajuðum beituskúr, við skiptum um járn á

þakinu og skveruðum neðri hæðina og geymdum veiðafærin uppi á lofti. Þarna fór vel um okkur, við dyttuðum að baujum og línu, gerðum belgi og færin klár og menn komu til okkar í spjall.

Rafmagnslína skaðaði fuglalíf í Klettinum

Háagarðsmenn hafa verið öflugir lundaveiðimenn en Siggi Jóels bróðir pabba gekkst í það að þeir bræður og Bjarni tækju Ysta Klett á leigu. Þeir sömdu við Jón í Þorlaugargerði sem þá var reddari fyrir jarðabændur, en þeim bar fjórði hver fugl sem veiddur var og pabbi var harður á því að við það yrði staðið. Það átti eftir að reynast jörðunum vel, en stundum var kippa af lunda til skiptann eftir góða veiðidaga.

Siggi frændi var ráðinn verkstjóri þegar rafmagnið var lagt í sæstreng til Eyja árið 1962. Strengurinn kom á land í Klettsvík og tengdur þaðan upp í Hákkollu á Heimakletti og þaðan yfir á Skansinn þar sem þrjár rafmagnslínur tóku land á Heimaey. Þeir spöruðu sér margar milljónir að fá Sigga í þetta starf, hann hafði bæði verksvit og þekkti Klettinn. Hann vissi hvernig menn bera sig að við erfiðar aðstæður við að koma strengnum út Klettsvíkinni, festa hann þar í bergið og koma upp í Heimaklett. Í stað stillansa sem hefðu orðið gríðarleg mannvirki var farið að hætta bjargveiðimanna og notast við festingar og talfur og vinnuþöllum slakað niður í bergið. Allt gekk að óskum eins og Siggi hafði lagt til og þá voru möstrin þrjú reist uppi á Heimakletti og ég man eftir því þegar fyrst var farið með granna spotta upp og svo sverari og loks voru vírarnir dregnir upp úr Klettsvíkinni með talúm. Vírarnir voru til mikillar bölvunar fyrir fuglalífið, en mikið af lunda flaug á vírana og slasaðist illa, vængbrotnuðu og vesluðust upp í fjörunni eða á sjónum. Þetta tók á okkur veiðimennina, en fuglinn lærði ótrúlega fljótt á þessa hættu og vandist nýju umhverfi og slysin heyrðu sögunni til. Stutt saga af Árne Johnsen sem mætti í Klettinn til að fylgja Sigga upp á Heimaklett, enda báðir öflugir fjallamenn. Síðar sagði Siggi frá því að hann hafi ætlað að sprengja Árna af sér á leiðinni upp og fór greitt, en Árni var aldrei fетиð frá honum. Árni var stakur bindindismaður og íþróttamaður sem Siggi kunni að meta eftir þetta.

1400 lundar veiddir

Ég vann tvö sumur með Jóni Óla í Gíslholti við að sprengja öxlina í Sæfelli til að bæta að flug að flugvellinum. Við fórum allar helgar út í Kletti og vorum þar oft í hörku veiði. Við höfðum notið leiðsagnar Sigga Jóels sem var

klókur veiðimaður og séður sem gerði breytingar á Lögmannssæti. Hann lét hlaða vörðu við sætið svo lundinn sá veiðimanninn ekki fyrr en of seint og úr varð einn besti veiðistaðurinn í Eyjum. Sonur Jóns Óla, Jón Kristinn veiddi 1400 fugla í Lögmannssæti sem var met í Eyjum, en gamla metið 1200 lunda átti Jóel frændi, sonur Sigga Jóels og Bjarni með 1000 fugla sem hann veiddi á „Heyhællnum“ sem var skora niður í brún sem hafði verið notuð til að fíra niður heyi, sem var slegið í Klettinum áður fyrr. Ég náði mest að veiða 700 fugla sem er auðvitað góður árangur. Það var góð veiði á þessum árum og margir veiðistaðir í brúnum í austan- og suðaustanáttum. Þessi mikla veiði í brúnumun kostaði erfiðan burð upp brekkurnar, en með stofnun veiðifélags var sett upp bóma og við unnum okkur í haginn og fírdó kippunum niður. Meðan ég var þarna var öllum fugli hent niður bratta skriðuna og aldrei nokkur maður með hjálm, þrátt fyrir hætturnar á hrúni. Við seldum allan fugl í fíðri, síðar var farið að hamfletta lundann og allt önnur vinnubrögð viðhöfð af veiðifélögum sem sáu um að gera meira verðmæti úr bráðinni.

Ein af mínum síðustu veiðiferðum var með Siggi Jóels yfir þjóðhátíðina úti í Kletti. Við vorum heppnir, það var mikið af fugli og góðar áttir og hörku veiði. Þjóðhátíðargestir sem við hittum trúðu ekki veiðitölunum en líklega skemmtum við okkur best allra þessa þjóðhátíð.

Tuddar í Old Boys

Ég var alltaf í fótbolta og aldurinn náði ekki að hrista þann áhuga af mér enda Týrari af guðs náð. Ég náði að spila með meistaraflökki en annars var ég að leika mér í boltanum með gömlu körlunum, Old boys eins og Marteini trix, Gauja Manga og Guðmundi yfir-

lögregluþjóni sem bjó í Betlehem. Þegar Týr og Þór kepptu á malarvellingum var allt undir, mikil harka og tuddaskapur og oft small harkalega í stáltánni og maður kom stundum heim alblóðugur og skrapaður á fótunum eftir mölina með hálfan völlinn í sárunum.

Lyngfellisdalurinn var einstakt svæði fyrir fótbolta og félagið okkar í Austurbænum

Torfan spilaði þar við Magnamenn, Vinnustaðameistarana í Eyjum, sem unnu Góanóid í úrslitaleik. Diddi í Svanhól var að æsa okkur upp í að spila við þá en meistarnir töpuðu leiknum 2-6, enda vorum við með hörku lið, Geira bróðir, Halldór Bjarna og Ómar bróðir í markinu. Magnamenn voru ekki árennilegir með Didda í Svanhól, Símon Waagfjörð, Bragi Steingrims, Sævar á Grænuhlíð 12 og Sigga Gúmm sem var í marki hjá IBV. Það veikti Magnamenn að Bragi Steingrims fór af velli eftir að ég tæklaði hann með Háagarðstæklingunni, en það stóðu ekki margir upp úr þeirri tæklingu! Helgi á Reynistað dæmdi leikinn og slapp vel frá því, en Siggi Reim hristi bara hausinn og sagði að það væri ekkert að marka þessi úrslit, það væru bara „tómir“ fótboltamenn í austurbænum.

Allir í bátana

Við Bryndís byrjuðum að búa árið 1971, á jarðhæðinni á Heimagötu 30 hjá Helga í Túni, en við keyptum íbúðina af Jónu Péturs og Siffa múrara. Frumburður okkar Ingibjörg fæddist þar og Bryndís var ófrísk í gosinu og Sigurbjörg fæddist hér í Garðinum árið 1973 og svo komu drengirnir, Guðmundur og Bjarni.

Það var ógnvænlegt að horfa út um eldhúsgluggann á Heimagötu austur Grænuhlíðina og sjá eldtungurnar frá rótum Helgafells niður túnið hjá Dísu systir og út í sjó. Löggan kom og sendi alla



Það var oft sog og straumur í höfninni í Sandgerði og bræðurnir vildu verja bátinn sinn fyrir skemmdum og höfðu því friðholt allan hringinn til að forðast skemmdir í brælum.

í bátana, en við bræður sigldum Bárinni í Þorlákshöfn og tókum svo far með næsta bát til Eyja og vorum það við björgunarstörf meðan þörfin var mest. Við tókum traktor og heyvagn hjá Magga og Dísu og fórum að safna saman búslóðum í austurbænum og fengum geymslu í Barnaskólanum hjá Reyni Guðsteinssyni.

Uppeldissystir mömmu Kristín Ingimundardóttir var kona Þorsteins á Gaukstöðum í Garði, hún leitar mömmu uppi á fyrstu dögum gossins og bauð fjölskyldunni aðstöðu í Garðinum. Okkur var öllum komið fyrir og það var alveg magnað hvernig tekið var á móti Eyjamönnum og fljótlega voru 10 Viðlagahús reist með 15 íbúðum í Eyjaholtinu. Við Bryndís fengum hús eins og mamma en hjá henni voru bræður mínir, Bjarni, Geiri og Ómar. Þá Jóel og Guðrún með sín fjögur börn, Siggi Jóels og Fanney, Vilhelmina Tómasdóttir og dóttir hennar Hrönn Edvinsdóttir, bróðurdóttir pabba. Þorgeir Jóelsson og Magga, Lilja og Pétur Guðjónsson, Brynja og fjölskyldur þeirra komu sér öll hér fyrir. Þorbjörn Guðjónsson, Tobbi á Kirkjubæ og Helga kona hans, Unnur dóttir þeirra ásamt Ingvari manni hennar. Ingibjörg Bragadóttir, Valdi og fjögur börn þeirra. Magga í Túni og Lína dóttir hennar, Guðrún og Eyjólfur Gíslason frá Bessastöðum og Marta Sigfúsdóttir, allt fólk sem var hluti af samfélagi Eyjamanna í Garðinum og hér leið okkur vel. Við Bryndís búum enn í Eyjaholtinu, eldra fólkið er farið en fjölmargir afkomendur sem komu fyrir 52 árum búa enn í Garðinum.

Hér var mikil samkennd og sterkt Eyjasamfélag sem stóð saman, Bryndís fékk Landróverjeppann

reglulega til að skutla skvísunum í innkaupaferðir til Keflavíkur og af því var notaleg stemning. Bryndís hafði unnið hjá Halldóri segló í verslun í kjallaranum á Reyni sem var á horni Miðstrætis og Bárugötu og sem klínikdama hjá Sverri tannlækni í Eyjum og sú reynsla kom að góðum notum þegar hún hóf verslunarstörf hjá Stapafelli í Keflavík og vann lengi á Garðvangi.

Báran ferst

Við gerðum Báruna út frá Garðinum, vorum með beituskúr og klefa á Gaukstöðum, en hafnaraðstöðu í Sandgerðishöfn og okkur gekk vel á Suðurnesjum. Vetrarvertíðin árið 1981 var þung og oft tvísýnt veðurfar, ekkert aftakaveður en brælskítur. Bjarni og Jóel voru búnir að róa þrjá róðra í röð djúpt í norðvestur og það var hörku afli, þetta 3-4 tonn í róðri. Það var regla að Bjarni kom við heima hjá mér með vigtarnótuna ef þeir voru seint í landi eins og gerðist á þriðjudagskvöldi í byrjun mars. Bjarni stendur við útihurðina með nótuna og við spjöllum saman um bræluna og vafasama spá og ég man að ég segi við hann. „Er þetta bara ekki gott, slappið þið ekki bara af á morgun, þið eruð búnir að róa stíft og koma seint í land.“ Þarna kvöddumst við í síðasta sinn, bræður mínir ákveða að fara á sjó þennan örlaga miðvikudagsmorgun 4. mars árið 1981. Það var bræla en enginn að undrast um þá, það þurfti ekki annað en að slíta niður einu sinni og fara á milli bóla, þá lengir það daginn töluvert. Bjarni hefur samband við Keflavíkurráðið rétt fyrir kvöldmat, en þá átti hann eftir að draga 3-4 bala og tilkynnir að hann hafi samband þegar hann fer að keyra í land. Starfsmaðurinn



Sigurjón í Hraungerði á góðri stund á Þjóðhátíð 1973 á Breiðabakka. Mynd Sigurgeir.

á Keflavíkurradíó þekkti vel til bræðra minna og hann vissi að Bjarni mundi klárlega hafa samband á landstýminu. Þegar starfsmaðurinn kemur úr kvöldmat undrast hann að ekkert hafi enn heyrst frá Bárunni, því allt sem þeim fór á milli stóð eins og stafur á bók. Hann kallar Bárúna upp og fær ekkert svar. Þá eru bátar á svæðinu beðnir um að líta eftir Bárunni og leit sem fór í gang bar engan árangur næstu daga. Síðar kom í ljós þegar farið var yfir atburðarrásina að það var afar vont sjóveður, krappar öldur þar sem grynnaði upp á kantinn og líklegast að þar hafi Bárúna fengið yfir sig þungan brotsjó. Togari frá Miðnesi í Sandgerði fékk afturmastrið af Bárunni í trollið og síðan hefur það verið fánastöng í garðinum hjá okkur Bryndísi ásamt akkerinu.

Togarinn Sjóli frá Hafnarfirði fékk part úr lunningunni í trollið, frammastrið og mest alla línuna af Bárunni. Línuhaugurinn og stamparnir voru alltaf bundnir niður frammi á hádekki. Það var merkilegt hvað stamparnir voru pressaðir saman, þeir voru eins og baunadós sem lent hefur í skrúfstykki. Eftir að hafa séð þetta þá er ég sannfærður um að þeir hafi lent í brotsjó sem keyrt hefur Bárúna niður á einu broti og það sé skýringin á að stamparnir hafi lagst saman.

Slysið og missirinn af Bjarna og Jóel var þungbær okkur öllum, Eyjasamfélaginu hér og Eyjamönnum víða um land sem voru að ná sér eftir brottflutninginn frá Eyjum.

Missi heilsuna 45 ára

Eftir Báruslysið fór ég að vinna í fiskvinnslunni á Gaukstöðum og síðan í eitt sumar sem hlaðmaður hjá Flugleiðum undir verkstjórn Eyjólfss Gíslasonar. Það var frábært að vinna með honum, Rabba Torfa í Miðhúsum, Sæmundi Klemens og Sigfús í Bræðraborg, sem spyr mig hvort ég vilji ekki fara til Mása bróðir sínum í aukavinnu. Úr því varð að ég fór í smíðarnar og sagði Mása og Dúdda í Vörum að ég gæti rétt þeim eina og eina spítu. En áföllin voru ekki að baki, við vorum í afar krefjandi vinnu að græja rækjuverksmiðjuna hjá Steina Erlings og unnum eins og vitleysingjar langt fram á kvöld í algjöru rugli. Ég bar með mér ættarsjúkdóm og var alltaf í vandræðum með blóðþrýstinginn og flestir í minni ætt fóru úr þessu helvíti.

Ég er aðeins 45 ára þegar ólánið ríður yfir, nýbúinir að klára rækjuverksmiðjuna hjá Steina og við kominn í sumarfrí. Vorum á tjaldsvæði við Varmaland í Borgarfirði ásamt tengdaforeldrum mínum og það var mikið fjör þennan dag, ég var í fótbolta fram eftir og ég hélt áfram að leika mér

með litlum peyjum fram á kvöld. Eftir það grilla ég með kolum og um nóttina vakna ég við mikinn höfuðverk og var lamaður vinstra megin og sá ekkert. Ég hafði enga stjórn á hendinni og ég hélt að þetta væru afleiðingar af reyknunum af grillinu. Ég komst ekki upp úr svefnpokanum, en Bryndís nær að drösla mér út, en þá voru Garðmennirnir Jón Hjálmarsson og Sigurður Guðmundsson á verkstæðinu komnir. Siggí var með talstöð í bílnum og tengdamamma ræsir út hjúkrunarkonu á Varmalandi. Þetta var verslunarmannahelgi og fyrstu svörin frá lækni þegar náðist í hann var hvort þetta væri bara fyllerí.

Það var einkennileg tilfinning að sjá ekki neitt, en vera með fulla meðvitund og þekkja raddirnir í kringum mig. Svo kemur lækinn og mælir pulsinn sem kominn var yfir 200 og hann treður töflu upp í mig og talar um hvaða rugl sé í gangi og kallar á sjúkrabíl. Þá heyrir ég hann lesa sjúkdómslýsingu inn á segulband. „Hérna er 45 ára gamall maður, lamaður hægra megin.“ Ég leiðrétti karlinn strax og segi að ég sé lamaður vinstra megin. Þegar búið var að drösla mér í sjúkrabílinn og Bryndís kominn inn hófst versta sjóferð sem ég hef nokkru sinni farið. Ég var svo sjóveikur, því bíllinn var svo mjúkur að ég ældi eins og múkki alla leiðina.

Bar út Moggann í 12 ár

Á Akranesi var mér ekið á börum inn gang á Bráðamóttökuna, þá sá ég mun á birtunni þegar ég fór undir ljósin og ég hélt að ég mætti ekki sofna því þá væri þetta búið. Ég hélt mér því vakandi og þegar lækarnir sögu að það þyrfti að senda mig til Reykjavíkur, því annað hvort væri þetta blóðtappi eða blæðing og ég hélt að þetta væri búið. Eftir erfitt ferðalag um Hvalfjörðinn þar sem þorsti var að gera út af við mig, og sjúkraflutningamaðurinn gaf mér að drekka vatn úr könnu á bílþvottaplani við Ferstiklu, var ég kominn til Reykjavíkur.

Á sjúkrahúsinu þekkti ég alla sem ég átti að þekkja á röddinni, en þegar ég hafði hvílst fór sjónin að koma til baka og ég að staulast um. Hjúkrunarkonan sem sinnti mér leist ekki á blikuna, en það rættist úr mér og fljótlega fór ég á Reykjalund sem gerði mér mjög gott. Mér var kippt út af vinnumarkaði en ég reyndi að fara aftur í smíðarnar sem var of erfitt svo ég hætti. Þá bjargaði Ásgeir Hjálmarsson mér og réð mig sem safnvörð í Slysavarnarsafninu á Gaukstöðum og það munaði um að fá kaup. Mér var ráðlagt að vera duglegur að ganga og þegar mér bauðst að bera út Morgunblaðið þáði ég það. Þá var ekki lengur í boði að nenna ekki út í leiðindaveður, ég fór út hvern



Bryndís og Unnar við fánastöngina, sem var afturmastrið af Bárunni og kom í veiðafæri togara sem kom með það í land. Unnar skveraði mastrið og hefur það fyrir fánastöng við heimili þeirra í Eyjaholtinu í Garðinum.

morgun að bera út fagnaðarerindið til Garðmanna og það gerði ég svikalaust í 12 ár. Ég gafst aldrei upp og vann gegn fötlun minni alla tíð.

Tónlistargen frá Háagarði, Logar og Of Monsters and Men

Mamma var músíkölask og spilaði eftir nótum á orgel og þegar hún og pabbi flutti á Hvanneyri í Eyjum gaf hann mömmu orgel, sem enn tilheyrir fjölskyldunni. Bræður mínir Jóel og Ómar voru lunknir gítarspilarar en Geiri var góður gítarleikari og lék með okkar frægustu hljómsveit Logum frá Vestmannaeyjum. Þrátt fyrir að Geiri væri eins og við mörg hægur í tíðinni þá var það merki um að allt væri að ganga af göflunum í Höllinni í gamla daga þegar Geiri fór að stíga taktinn með því að lyft tánni á hægri fæti í takt við fjöruga tónlistina.

Geiri samdi tvö þjóðhátíðarlög og töluvert af lögum sem Helgi Hermanns hefur haldið lifandi. Það er ekki ólíklegt að tónlistarhæfileikar og músíkeyra Nönnu Bryndísar Hilmisdóttur, barnabarns okkar Bryndísar eigi rætur að rekja til langömmu hennar frá Háagarði. Nanna Bryndís kom

til Geira þegar hún var að byrja í tónlist og líklega hefur hann ýtt undir hana. Hann var sjálflærður tónlistarmaður, las ekki nótur en tók upp sína tónlist og það var mikil músík í honum. Þegar Geiri var 50 ára gáfum við systkini hans honum skemmtara sem hann spilaði töluvert á síðustu árin. Nanna Bryndís hefur því líklega fengið fóður frá honum og lært nokkur grip hjá Geira frænda sínum. Hún var alveg í sínum heimi í mússíkinni og var mikið hérna í Eyjaholtinu hjá okkur afa sínum og ömmu sem barn. Það var alveg nóg að lána henni vaskafat eða dollu og sleif í höndina og þá var hún byrjuð að spila. Kannski hefði hún verið betri trommari en gítarleikari? Tónlistin var henni í blóð borin og Nanna Bryndís hefur þroskast sem tónlistarmaður og er ein aðal sprautan í hljómsveitinni Of Monsters and Men.

Það hefur ekkert komið á óvart hvernig henni hefur vegnað, aldrei samt óráð okkur fyrir þessum árangri og hvað hljómsveitin hefur gengið vel. Við Háagarðsfólkið höfum lært að halda okkur við ljúfu tónana og birtu unga fólksins, sem er framtíðin okkar.

Ellert Scheving ≡ Framkvæmdastjóri ÍBV-Íþróttafélags

Án öflugra sjálfbóðaliða værum við ekki neitt

≡ Starf sem reynir á og er besti skólinn ≡ Enginn stenst ÍBV snúning þegar kemur að viðburðum og íþróttamótum

ÓMAR GARÐARSSON
omar@eyjafrettir.is

„Þetta hefur verið gríðarlega reynslumikill tími og örugglega besti skóli sem þú getur gengið í gegnum. Þetta snýst mikið um mannleg samskipti, viðburðarstjórnun og er vinna í skorpum. Samt aldrei dauður tími, alltaf eitthvað í gangi,“ segir Ellert Scheving, framkvæmdastjóri ÍBV-Íþróttafélags sem hefur í mörg horn að líta í aðdraganda þjóðhátíðar.

Umfang félagsins er meira en flesta grunar, stjórn, starfsmenn, iðkendur og skráðir félagsmenn skipta þúsundum. Heildarveltan er mikil sem gerir félagið að einu stærsta fyrirtæki í Vestmannaeyjum. Kröfurnar eru líka miklar, öflugt unglingastarf og að eiga lið í efstu deildum karla og kvenna í handbolta og fótbolta. Ekki til lítils ætlast í bæjarfélagi þar sem íbúar eru vel innan við 5000.

„ÍBV-Íþróttafélag er lífæð samfélagsins og allir hafa skoðun á því sem við erum að gera. Hvort sem það er tengt meistaraflökkum í fótbolta og handbolta, yngri flokkum eða viðburðum sem við höldum. Þeir sem neita því eru að ljúga,“ segir Ellert og nefnir viðburði eins og þrettándann, handboltamót yngri flokka á veturna og í fótbolta á sumrin, TM-Mót fimmta flokks kvenna og Orkumót sjötta flokks drengja.

Undirbúningur hefst í september

„Þetta er samhangandi vinna allt árið og stærst er þjóðhátíðin. Undirbúningur mikill og tekur langan tíma. Þjóðhátíðarnefnd byrjar að funda í september þegar mesti hrollurinn er farinn úr fólki eftir þá síðustu. Ekki allur en að mestu. Sjálfum finnst mér gaman að byrja með auðan striga. Fara yfir það sem má gera betur og laga það sem hefur verið gagnrýnt.“

Ellert segir að reynt sé að brydda upp á einhverju nýju á hverri hátíð. „Stækka mengið með nýjum styrktaraðilum eins og



Ellert: Við erum gífurlega rík af fólki sem leggur allt í sölnar fyrir félagið.
Mynd Óskar Pétur.

Icewear sem koma sterk inn. Aðrir styrktaraðilar eru að sjálfsögðu Ölgerðin. Við erum að taka í notkun þjóðhátíðarapp, fyrir hátíðina 2026, sem verður mikilvæg upplýsingaveita. Þar getum við komið mikilvægum tilkynningum til mikils fjölda á augabragði. Draumurinn er að appið verði miðlæg upplýsingaveita þar sem hægt er að kaupa miða í Dalinn, í Herjólf, panta pláss á tjaldestæðinu, fyrir aðkomu- og hvítu tjöldin og skoða dagskrána.“ Ellert segir appið eigi eftir að þróast og er mjög spenntur fyrir þessari nýjung. „Það auðveldar fólki samskipti við félagið og fyrir okkur að koma á framfæri nauðsynlegum upplýsingum til gesta. Þetta er bæði nútíminn og framtíðin. Þú getur verið með miðann í símanum en að sjálf-sögðu munum við hjálpa þeim sem vilja hafa þetta upp á gamla mátann.“

Flókið að halda stóra viðburði

Ellert segir alltaf flókið að halda stóra viðburði en að gera það á eyju flæki málið. „Það þarf að koma fólki fram og til baka. Útvega gistingu og flytja inn aðföng og vörur. Þetta er rosalega umfangsmikið og allar áætlanir og tímasetningar þurfa að standast,“ segir Ellert sem þekkir þetta

vel. Ólst upp við að faðir hans, Páll Scheving stýrði skútunni í mörg ár sem framkvæmdastjóri félagsins.

„Það var ákveðinn glamúr í kringum þjóðhátíð, spenna og hún er stór. Þegar maður er svo kominn í slaginn sjálfur, áttar maður sig á því að þetta snýst að mestu um klósett, girðingar og hamborgara. Þessir hlutir þurfa að vera í lagi. Hitt reddast.“

Þegar talið berst að gestum hátíðarinnar segir Ellert að upplifun þeirra og ánægja með þjóðhátíð sé besta auglýsingin. „Það gustar stundum um okkur en ÍBV er risastórt vörumerki sem heldur risastórar samkomur en mér finnst ekki nógu mikið talað um hvað umfangið er mikið og að allt er gert til að tryggja öryggi gesta,“ segir Ellert.

Gerum betur en allir

„Lögreglan er alltaf mjög öflug á þjóðhátíð og veitir ekki af í breyttu samfélagi þar sem beiting vopna er orðin daglegt brauð. Auk þessu eru 100 manns í gæslu. Í Dalnum er heilsugæsla með fjórum hjúkrunarfræðingum og lækni á vakt allan sólarhringinn. Líka fagmenntað og reynslumikið áfalla- og sálsgæsluteymi auk starfsmanna barnaverndar. Tveir sjúkrabílar, menntaðir sjúkra-

flutningsmenn og allir viðbragðs- aðilar klárir,“ segir Ellert og nefnir Isavia, HS-Veitur og aukna löggæslu.

„Ég held að ÍBV-Íþróttafélag standi ótrúlega vel þegar kemur að fjölda fólks sem er tilbúið að leggja líf og sál í Íþróttafélagið sitt,“ segir Ellert aðspurður um sjálfbóðaliða sem eru allt í öllu hjá félaginu.

„Við erum gífurlega rík af fólki sem leggur allt í sölnar fyrir félagið. Við þrettándann vinnur fólk sem hefur mikla ástríðu þrettándannum og þeim hefðum sem hafa skapast í kringum hann í gegnum tíðina. Þetta er virðingarvert og sjálfur ber ég mikla virðingu fyrir þeim sem leggja á sig að gera hátíðina að því sjónarspili sem hún er. Þetta er hvergi svona á landinu og mikil upplifun fyrir börn og fullorðna og sjá öll þessi tröll, álfa og púka og síðast en ekki síst Grylu og Leppalúða sem eru eins og klippt út úr þjóðsögum Jóns Árnasonar. Þetta er ótrúlegt.“ Ellert segir það sama gilda um fótoltamótin sem eru þau glæsilegustu á landinu.

Margir leggja hönd á plóg

„Þjóðhátíðin er allt önnur stærð og tekur oftast einn og hálfan mánuð að koma þessu öllu í kring. Þetta er ótrúlegt fólk sem vinnur inni í Herjólfssdal á hverjum einasta degi allan júlímánuð til að gera þetta að veruleika. Án þessa fólks væri þetta ekkert. Það er bara þannig.“

Ellert segir þetta hópa sem taka að sér ákveðin verkefni, mylluna, vitann og tjalddið svo eitthvað sé nefnt. „Þetta er fólk sem gengur í sín föstu störf og klárar þau af miklum myndarskap. Leikmenn meistaraflökkanna koma og hjálpa til. Setja upp girðingar í Dalnum, veitingatjalddið, teknótjaldidið, litla björtjaldidið sem er líka ómetanlegt. Ég finn að leikmönnum sem ekki eru aldrið upp hér og þekkja ekki hefðirnar finnst þetta mjög gaman. Koma með öllu liðinu inn í Herjólfssdal og græja verkefni fyrir félagið. Þetta gerist ekki nema með hjálp þessa góða fólks. Án þeirra værum við ekki neitt. Það er ósköp einfalt,“ segir Ellert að endingu.

SENDUM ÞJÓÐHÁTÍÐARGESTUM
OKKAR BESTU ÓSKIR UM
GLEÐILEGA ÞJÓÐHÁTÍÐ



Arndís Bára lögreglustjóri ≡ Mín tíunda hátíð hjá embættinu:

Þjóðhátíð er stórt verkefni fyrir Vestmannaeyjar

≡ Ég brenn fyrir starfinu ≡ Traust til lögreglu ≡ Öflugt lið í Dalnum

ÓMAR GARÐARSSON
omar@eyjafrettir.is

„Með einu embætti verður valddreifingin engin, boðleiðirnar lengri og verklagið oft flóknara og formfastara sem hefur þær afleiðingar að stofnanakultúrin verður mjög stífur. Þegar embættin eru fleiri er minni stofnanabragur, boðleiðirnar styttri og verklagið einfaldara og tekur mið af stærð og verkefnabunga segir Arndís Bára Ingimarsdóttir, lögreglustjóri í Vestmannaeyjum, þar sem við sitjum á skrifstofu hennar á lögreglustöðinni og ræðum m.a. hugmyndir um að gera Ísland að einu sýslumannsembætti.

Arndís Bára er fædd og uppalin Eyjakona, 40 ára, lögfræðingur og hefur starfað við embættið í Eyjum í tíu ár. Hún tók við sem lögreglustjóri þann 1. nóvember sl. þegar Karl Gauti Hjaltason, skipaður lögreglustjóri náði kjöri á þing fyrir Miðflokkinn. Hún er settur lögreglustjóri frá 1. apríl sl. í tólf mánuði með möguleika á framlengingu. Maður hennar er Vignir Arnar Svafarsson og eiga þau þrjá drengi.

„Ég brenn fyrir starfinu, þekki alla starfsmenn embættisins vel og flesta íbúa bæjarins. Mér finnst gott að búa í Vestmannaeyjum og hér vil ég vera. Ég kom aftur heim strax að loknu námi og hef unnið við embættið síðan, fyrst með Páleyju Borgþórsdóttur, síðan Grími Hergeirssyni og svo Karli Gauta. Mín reynsla af lögfræðistörfum liggur mest í lögreglu- og sakamálum enda lagði ég áherslu á það í námi mínu en auk þess var ég í starfsnámi hjá Ríkissaksóknara í námi mínu. Auk þess starfaði ég fyrir Fangelismálastofnun samhliða námi sem umsjónaraðili með samfélagsþjónustu hér í Vestmannaeyjum.“

Aðrar áherslur í breyttu samfélagi

Arndís segir aðspurð að vissulega hafi íslenskt samfélag breyst hratt



Hluti af lögregluliðinu, Arnar Gauri Egilsson héraðslögreglumaður, Heiðar Hinriksson lögreglufulltrúi, Arndís Bára Ingimarsdóttir lögreglustjóri, Stefán Jónsson yfirlögregluþjónn og Jón Bragi Arnarsson, varðstjóri. Mynd Óskar Pétur.

á þeim tíu árum sem hún hefur starfað hjá embættinu. „Ofbeldi og vopnaburður hefur aukist sem og misnotkun á lyfjum“ segir Arndís Bára og á þar við lyfseðilsskyld lyf sem innihalda ávana- og fíkniefni. Sterk verkjalyf sem kalla fram ákveðin áhrif við misnotkun og eru ávanabindandi. Ekki eru þó allar breytingar á verri veginn. „Í starfinu hef ég séð sönnunarkröfur í kynferðisbrotamálum breytast hjá dómstólum þannig að fallið hefur verið mjög ríkum sönnunarkröfum í slíkum málum og hafa viðmiðin breyst. Ákært er í fleiri málum og þau rekin fyrir dómstólum. Einnig hefur réttarstaða brotaþola verið bætt“

Aukið ofbeldi gagnvart lögreglumönnum

Arndís segir að sennilega séu Vestmannaeyjar yfir landsmeðaltali þegar kemur að brotum, a.m.k. miðað við höfðatölu. „Á málstofu um aðgerðir gegn ofbeldi í Vestmannaeyjum sem

haldin var í maí sl fórum við yfir tölfræðina í ofbeldisbrotum í sinni víðustu mynd. Þar erum við nokkuð há. Annað sem er áhugavert er að ofbeldi gagnvart lögreglumönnum hefur aukist. Ofbeldi sem þeir verða fyrir við sín störf. Það er ákveðið áhyggjuefni líka.“ Arndís Bára segir að þar séu Vestmannaeyjar ekki undanskildar. „Það er meira hér en maður hefði haldið. Alvarlegt? Það fer eftir því hvað maður skilgreinir sem alvarlegt. Lögreglumenn um land allt, og líka í Vestmannaeyjum verða fyrir ofbeldi og áreiti vegna starfa sinna og það eitt og sér er alvarlegt.“

Hverjir eru helstu brotaflokkar í Vestmannaeyjum? „Við skráum mikið af umferðarlagabrotum, fíkniefnalagabrotum og hegningarlagabrotum, mest ofbeldisbrot, þjófnaðarbrot og húsbrot.“

Auk þess sinnir lögreglan fjöldi verkefna sem tengjast á engan hátt lögbrotum. Til að mynda ýmis konar aðstoð við borgarana og auðvitað öflugt eftirliti en mörg

mál við embættið spretta af virku eftirliti lögreglumanna.

Vel skipað lögreglulið

Arndís Bára segir að lögreglan í Vestmannaeyjum sé vel skipuð og góð blanda að yngri og eldri og reynhari lögreglumönnum. „Staða okkar í samfélaginu er góð að mínu mati og mér finnst lang flestir bera traust til lögreglunnar hér í Eyjum. Hjá okkur er fólk sem hefur starfað mjög lengi sem er með mikla reynslu sem er frábært en það er líka gott að endurnýja í hópnum og fá nýtt fólk inn. Meðalaldurinn var hár þegar ég byrjaði en hefur lækkað sl. ár þar sem miklir reynsluboltar hafa hætt sökum aldurs. Samsetningin hjá okkur núna er mjög góð við erum með frábært lið. Við vinnum vel saman og allir þekkja sitt hlutverk sem er einn kosturinn þegar fólk hefur unnið lengi saman.“ segir Arndís Bára og næst berst talið að þjóðhátíðinni sem er á næsta leyti. „Þjóðhátíðin er stærsta löggæsluverkefni sem embættið fæst við

á hverju ári. Mikil reynsla er til staðar innan embættisins og ég er að koma að þessu í tíunda skipti. Við teljum okkur vera vel undir búin þrátt fyrir að verkefnið hafi aðeins breyst undanfarin ár samhlíða breytingum í samfélaginu. Meðal annars vegna aukins vopnaburðar.

Til að mæta því höfum við undanfarin ár notið liðsinnis sérsveitar ríkislögreglustjóra, sem er mikill styrkur. Við erum líka mjög vel mönnuð yfir hátíðina, verðum með öfluga löggæslu og fíkniefnaeftirlit og sækjum okkar liðstyrk með lögreglumönnum ofan af landi, eins og við segjum. Jafnframt styrkjum við rannsóknardeildina yfir hátíðina. Þá má ekki gleyma kraftmiklu gæsluliði, rúmlega 100 manna sveit sem heyrir undir lögregluna. Á þetta er komið mjög gott skipulag, og reynsla sem hefur þróast í gegnum árin og áratugina,“ segir Arndís Bára.

Gott samstarf allra

„Allir eftirlits- og viðbragðsaðilar í Vestmannaeyjum eru með aukinn viðbúnað yfir hátíðina. Þetta er stórt verkefni fyrir Vestmannaeyjar og Þjóðhátíðarnefnd vinnur mjög gott og mikilvægt starf og á í góðu samstarfi við eftirlits- og viðbragðsaðila og auðvitað alla sjálfboðaliðana. Hægt er að opna Íþróttamiðstöðina og auka gæslu ef með þarf með nánast engum fyrirvara. Við eigum einnig mjög gott samstarf með öllum sem koma að skipulagi, undirbúningi og framkvæmd hátíðarinnar. Þjóðhátíðarnefnd, heilbrigðisstofnun, sýslumanni, bænum, félagsþjónustu, barnavernd, áfallateyminu, slökkviliðinu, gæslunni, björgunarsveitinni, Herjólfu, Ísavia, kirkjunni, Golfklúbbnum og þeim sem sinna fólksflutningum.“

Arndís Bára segir lögregluna á varðbergi vegna aukins vopnaburðar. „Að bera á sér hníf eða önnur vopn er mjög óeðlileg hegðun og auðvitað lögbrot og er refsivert. Nú nýlega voru sektir vegna vopnaburðar hækkaðar talsvert og fóru úr nokkrum tugum þúsunda upp í að lágmarki 150 þúsund og upp í 1.000.000 króna sekt fyrir fyrsta brot og við annað brot sætir viðkomandi ákæru. Það endurspeglar alvarleika slíkra brota og viðhorfi löggjafans til vopnaburðar. Það er tekið harðar á þessum brotum núna en engu að síður fer þeim fjölgandi. Við erum meðvituð og undirbúin undir það“ segir Arndís Bára og vill að lokum koma eftirfarandi skilaboðum á framfæri: Góð skemmtun er þegar öll skemmta sér vel saman og öll koma örugg heim! Góða skemmtun og gleðilega Þjóðhátíð.

Búningakeppnin á Þjóðhátíð vekur alltaf mikla lukku

ANNIKA VIGNISDÓTTIR
annika@eyjafrettir.is

Í gegnum árin hafa vina-hópar í Eyjum verið duglegir að klæða sig upp í búninga og taka þátt í búningakeppninni á Þjóðhátíð. Þó hefur þátttakan minnkað lítillega með tíð og tíma. Við ræddum við tvö sem hafa átt ófár minningar tengdar keppninni, þau Hjálmar Ragnar og Önnu Kristínu Magnúsdóttur, en þau tóku bæði þátt í keppninni ár eftir ár, hann með vinum sínum og hún með vinkonum sínum.

Hjálmar Ragna tók þátt árum saman í búningakeppninni á Þjóðhátíð ásamt vinum sínum. Aðspurður hvað hafi verið skemmtilegast við þátttökuna á sínum tíma segir hann að það hafi fyrst og fremst verið undirbúningurinn og hugmyndavinnan í kringum, sem var svo toppað með fyrstu máttun stuttu fyrir Þjóðhátíð. „Það var líka gaman að koma inn á föstudaginn stór hópur allir í eins búningum, jafnvel einhverjum fáránlegum skrípbúningum. Svo má ekki vanmeta það að geta fundið vini sína nokkuð fljótt í brekkunni. Svolítið erfitt að tyna 20 McDonaldstrúðum,“ bætir Hjálmar við.

Hjálmar segir eftirminnilegast búninginn einmitt hafa verið þegar þeir mættu sem Ronald McDonald trúðar og unnu keppnina. Einnig stendur sterk í minningunni þegar þeir voru klæddir sem Duff-Man úr The Simpsons árið 2008, og finnst Hjálmar þeir klárlega hafa átt skilið sigur þá. „Vanmetnasti búningurinn var samt þegar við vorum klæddir eins og Barbershop söngvarar, það fannst mér stórkostlegir búningar.“

Hjálmar segir hugmyndirnar af búningunum hafa komið upp héðan og þaðan. „Á tímabili átti ég einhverstaðar stórt powerpoint skjal með búninga-hugmyndum sem ég var duglegur að uppfæra og við vorum oft að kasta svona hugmyndum á milli yfir árið.“

Það voru þó ekki allar búninga tilraunir heppnuðust jafn vel hjá þeim vinum, en árið 2009 þegar Páll Óskar var með þjóðhátíðarlagið voru þeir



Hjálmar Ragnar með vinum sínum í McDonalds búningunum árið 2011.



Anna Kristín og vinkonur í vinnings búningunum sínum.

vinir ekkert búnir að huga að búningum eftir að hafa verið sviknir um titilinn árið áður, eins og Hjálmar orðar það.

„Við ákváðum frekar seint að fara að útbúa búninga sem áttu að vera svona glansandi pallfettugallar til heiðurs Palla. Búningarnir litu ágætlega út, en þar sem að fyrirvarinn var mjög stuttur voru gæðin ekki upp á sitt besta. Ég held að flestir hafi endað á nærbuxunum um nóttina, því buxurnar rifnuðu við minnsta álag.“

Aðspurður hvort Hjálmar eigi búningana sína enn þá segir Hjálmar svo vera, eða öllu heldur móðir hans, Inga Hanna. „Búningarnir eru geymdir í Áshamrinum því mömmur geta aldrei hent neinu (áhugasamir geta fundið skólaverkefnið mín úr 3. bekk og stærðfræðibækur úr 5. bekk). Hún hefur mætt í búningunum í vinnuna t.d. á öskudaginn og svona. Grunar líka að hún sé að stelast í þá bara á kvöldin þegar henni leiðist,“ segir Hjálmar að lokum.

Loðvestin standa uppúr

Anna Kristín rifjar upp minningar frá sínum tíma í búningum á Þjóðhátíð, en hún líkt og Hjálmar talar um undirbúningurinn hafi verið það sem gerði þetta svo skemmtilegt.

„Stemningin sem magnast upp fyrir hátíðina, maður byrjar snemma að plana búning og skiptast á hugmyndum. Svo þegar heildarmyndin er komin hlakkar manni enn þá meira til að vera með vinkonunum eins í Dalnum. Suma búninga var líka auðveldara að finna en aðra og þá var gott að sjá hvar stelpurnar sátu í brekkunni.“

Aðspurð hvaða búningur stangi upp úr minningunum, svarar Anna Kristín: „Ég verð að segja þegar við unnum búningakeppnina í hvítum loðvestum. Það var mjög eftirminnilegt, þó sá búningur sé alls ekki í neinu uppáhaldi þar sem hann kom ekki alveg eins út og við höfðum séð fyrir okkur.“

Anna Kristín segir hugmyndirnar af búningunum hafi komið úr ýmsum áttum. „Internetið var ekki alveg komið á flug á þessum tíma, en tískubylgur og það sem maður sá í kringum sig hafði áhrif. Við reyndum líka að vera praktískar og velja búninga sem voru hlýir og þægilegir þannig að maður þyrfti ekki að klæða sig yfir þá.“

Anna Kristín segist enn eiga flesta búninga sína í dag og þeir hafi meira að segja fengið að fylgja henni alla leið til Danmerkur þar sem hún er búsett.

Sigríður Inga stýrir TM- og Orkumóti ≡ Þeirra heimsmeistaramót

Upplifun krakkanna eins og að fara erlendis að keppa

≡ Sömu skemmtikraftar ≡ Sama umgjörð ≡ Færri fylgja stelpunum
≡ Pabbastemning á Orkumóti

ÓMAR GARÐARSSON
omar@eyjafrettir.is

„Mótin okkar eru sett upp alveg eins nema að á TM-mótinu erum við með hæfileikakeppni og á Orkumótinu er tilkomumikil skráðganga. Að öðru leyti erum við að keyra á sama prógramminu. Sömu skemmtikraftar og sama umgjörð,“ segir Sigríður Inga Kristmannsdóttir, íþróttafulltrúi ÍBV sem hefur haft yfirumsjón með knattspyrnumótum ÍBV – Íþróttafélags og akademíum frá 2017. Kom fyrst að mótunum árið 2016.

„Þegar ég var ráðin 2017 var það gert til að samræma mótin. Sama leikjafyrirkomulag var á báðum mótunum en við fórum í að samræma alla dagskrá og fyrirkomulag. Þannig hefur það verið síðustu fjögur til fimm ár. Sömu skemmtikraftar og sömu tímasetningar. Það gerir líka allt



Sigríður Inga Kristmannsdóttir. Mynd Óskar Pétur.

auðveldara þegar haldin eru mót með svo stuttu millibili. Vera með

þetta alveg eins svo maður ruglist ekki,“ segir Sigríður Inga og hlær. Viðurkennir líka að hún hafi ruglast á tímasetningu. „Ég ruglaðist á mótum en það reddaðist.“

Í sumar voru 112 lið á TM-mótinu og 108 á Orkumótinu. „Það eru níu til tíu í hverju liði þannig að þetta eru á milli 1100 og 1200 þátttakendur með þjálfurum. Misjafnt milli móta hvað margir fylgja hverju barni og mun fleiri fylgja strákunum. Öruglega vegna þess að þeir eru yngri og fólk er frekar komið í sumarfrí þegar Orkumótið er haldið í lok júní,“ segir Sigríður Inga og bendir á að TM mótið er fyrir fimmta flokk stúlkna, 11 og 12 ára en Orkumótið fyrir sjötta flokk drengja sem eru 9 og 10 ára.

Foreldrar til fyrirmyndar

„Þær eru eldri, sjálfstæðari og þroskaðri en foreldrum sem koma með krökkunum hefur fjölgað alveg ótrúlega mikið. Líka koma afar og ömmur. Þetta er mikið mál því hjá fjöl-skyldum með fleiri en eitt barn á þessum aldri eru nokkur mót vítt og breytt um landið á hverju sumri.“

Langflestir foreldrar eru jákvæðir, ánægðir og til fyrirmyndar en Sigríður Inga kannast við sumir

þeirra fari fram úr sér í leikjum. „Ég heyri það ekki sjálf en fólk er að tala um dónalega foreldra. Ég er ekki mikið á úti á velli. Rölti á milli valla en hef ekki heyrt neitt ósæmilegt. Ef það gerðist myndi ég strax skipta mér af.“

Á Orkumótinu sérdú meiri pabbastemningu, -peyinn minn á að upplifa minn draum. Vera bestur. Það er öðruvísi stemning finnst mér en foreldrar eru almennt til fyrirmyndar. Ekkert út á þá að setja og gaman að fólk fylgi börnunum sínum. Við og bæjarfélagið græðum á að fá sem flesta í bæinn.“

Breyttir tímar – Breytt mót

Mótin hafa breyst, viðburðum á vegum félagsins fækkað, betri samgöngur og þátttaka for-eldra er meiri. „Samfélagið hefur breyst rosalega mikið og allt aðrar kröfur í dag. Mikið var um að vera fyrir fullorðna fólk sem var svo bannað í kófinu. Við fundum að þetta var ekki nauðsynlegt. Það er næg afþreying í bænum og við þurfum ekki að vera með dagskrá fyrir fullorðna fólk. Við ákváðum að einbeita okkur frekar að börnunum. Tókum líka út alla fararstjórufundi, skipulagið okkar er það gott að þeir eru ekki nauðsynlegir. Ef fólk vill ræða eitthvað er því velkomið að koma og ræða við okkur eða senda tölvupóst. Þurfi ég að koma einhverju á framfæri er best að senda tölvupóst. Við erum líka á Facebook og með heima-síðu. Þetta rúllar alveg og er miklu þægilegra fyrir alla.“

Sérstaða mótanna í Vestmannaeyjum er að upplifunin er miklu meiri, að koma hingað með ferju, gista í skóla með vinkunum og vinum. Er eins og að fara erlendis að keppa en ekki að keyra úr Garðabænum í Fossvoginn. Þetta er eins og heimsmeistaramót. „Þar búum við að óskaplega góðum grunni, hópi fólks sem setti þetta á laggirnar og kannski kvíðavaldur að bregðast því ekki. Viljum hafa allt á hreinu þegar þau koma á svæðið. Það gera þau alltaf til að athuga hvort ekki sé allt í lagi. Viljum gera þau stolt og ég held að okkur takist það,“ segir Sigríður Inga að lokum.

Góða skemmtun í Dalnum

ALLT Í TJALDIÐ GRASTEPPI, KÆLIBOX, PLASTKASSA, TJALDHÆLA OG MARGT FLEIRA

SKIPALYFTAN EHF. VESTMANNAEYJUM
www.skipalyftan.is // 488 3550

Jónas formaður Þjóðhátíðarnefndar ≡ Allir hafa skoðun á dagskrá

Koma saman, skemmta sér og ekkert vesen

≡ Kom fyrst á Þjóðhátíð 19 ára ≡ Nú í forystu í undirbúningi og framkvæmd

ÓMAR GARDARSSON
omar@eyjafrettir.is

„Að halda Þjóðhátíð er mikil vinna. Um leið og við erum búin að ganga frá öllu eftir að hátíð lýkur tökum við smá pásu í september en svo fer allt á fullt að undirbúa næstu hátíð. Þetta er ótrúlega stórt batterí og þarf að huga að ansi mörgu. Þetta er skemmtileg vinna, annars væri maður ekki að gefa sér tíma í þetta. Það koma hingað á bilinu 12.000 til 15.000 manns og þrátt fyrir leiðindaveður í fyrra vorum við með mjög stóra Þjóðhátíð,“ segir Jónas Guðbjörn Jónsson formaður Þjóðhátíðarnefndar ÍBV þar sem við sitjum undir stóra sviðinu í Herjólfssdal. Hann kom fyrst á Þjóðhátíð 19 ára gamall og hefur örugglega ekki rennt í grun að hann ætti eftir að verða í forystu í undirbúningi og utunumhaldi Þjóðhátíðar Vestmannaeyja á fullorðinsárum.

„Ég er úr Sandgerði og kom á mína fyrstu Þjóðhátíð 1993, þá 19 ára gamall og skrítið að sjá sjálfan sig í þessu hlutverki í dag. Ég kom svo árlega, kynntist konu úr Eyjum og svona er sagan,“ segir Jónas hlæjandi. Kona hans er Helga Sigrún Þórsdóttir, kennari sem starfar nú sem deildarstjóri fræðslu- og uppeldismála hjá Vestmannaeyjabæ. Foreldrar hennar eru Þór Vilhjálmsson sem í áratugi stóð í stafni Íþróttahreyfingarinnar. Fyrst sem formaður Íþróttafélagsins Þórs og formaður ÍBV-Íþróttafélags og ÍBV – héraðssambands. Tengdamamman, Sólveig Adolfsdóttir hefur líka látið til sín taka, var formaður ÍBV – Héraðssambands og er ein þeirra sem hóf kvennaknattspyrnu í Vestmannaeyjum til veggis og virðingar. Má því segja að hann hafi ekki haft val þegar Íþróttahreyfingin var annars vegar. „Ég var sjálfur alinn upp við það að eiga foreldra sem voru öflugir sjálfbóðaliðar fyrir Íþróttafélög og veit því vel hversu mikilvægt það er að gefa af sér fyrir Íþróttahreyfinguna“, segir Jónas.

Féll strax fyrir Þjóðhátíð

Hvað fannst þér um Þjóðhátíð þegar þú mættir í fyrsta skipti í Dalinn? „Mér fannst hún æðisleg. Þess vegna kom ég aftur og aftur og upplifunin, bara VÁ! Maður gat ekki hugsað sér að fara eitthvað annað þó fleiri útihátíðir væru boði,“ segir Jónas sem þarna er að lýsa hinum dæmigerða gesti, ungu fólki sem mætur í Herjólfssdal ár eftir ár.

„Það er rétt, fólk kemur aftur og aftur. Ég þekki fullorðinn mann ofan af landi sem mætur með sitt tjald á hverju ári en hann vann með pabba í gamla daga. Orðinn sjötugur og lætur sig ekki vanta. Það er líka gaman að sjá ungt fólk sem er að koma á Þjóðhátíð í fyrsta skipti. Spennan hjá þeim er svo mikil og þau vilja spjalla við mann og spyrja um dagskrána, hefðirnar, hátíðarsvæðið og allt þar á milli. Það gefur manni mikið að hitta fólkið í Dalnum og gaman að tala við þau. Ég gef mér alltaf tíma í það því maður sér hverjir eru nýir og þau er alltaf mjög jákvæð.“

Eitthvað fyrir alla

Allir hafa skoðun á dagskrá Þjóðhátíðar, hvaða skemmtikraftar eiga að vera og hverjir ekki. Jónas segir að það passi alveg. „Stefninn er að það sé eitthvað fyrir alla. Þjóðhátíð er fyrst og fremst fjölskylduhátíð. Gestir á öllum aldri, frá ungabörnum og upp úr. Verðugur fulltrúi þeirra eldri er Palli í Mörk sem lætur sig aldrei vanta, orðinn 98 ára gamall. Við reynum að hafa dagskrána fjölbreytta þannig að á hverjum degi sé eitthvað sem höfði til allra. Þjóðhátíðarlagið er alltaf frumflutt í dalnum á föstudagskvöldinu. Á kvöldvökunni er stílað inn á efni fyrir alla í fjölskyldunni. Eftir miðnætti er meira stílað inn á yngri kynslóðina þar sem rappið er í stóru hlutverki. Á sunnudagskvöldinu erum við með tónleika með einni hljómsveit og fjölda söngvara.“

Stærstu nöfnin í ár eru Herra hnetusmjör, Aron Can, Prett-yboitjökkó, GDRN og Svala Björgvins. „Fyrir eldri kynslóðina verða Björgvin Halldórs, Stebbi



Jónas: Það er líka gaman þegar allt gengur upp, það gefur manni mikið.
Mynd Óskar Pétur.

Hilmars, Helgi Björns og Sigga Beinteins sem eru með tónlist sem flest allir ættu að þekkja. Kunna lögin og skemmta sér vel,“ segir Jónas en líka er boðið upp á barnadagskrá sem stendur undir nafni.

„Þegar Brúðubíllinn hætti fyrir nokkrum árum kom ákveðið tómarúm. Við leituðum leiða til fylla það en án árangurs. Sem betur fer er Brúðubíllinn kominn aftur á fullt og mætur í Dalinn. Við erum búin að birta barnadagskrána og ég heyri ekki annað en að fólk sé ánægt með hana.“

Skemmtilegir krakkar

Skilaboð til væntanlegra Þjóðhátíðargesta? „Bara þetta klassíska, koma og skemmta sér og koma vel fram við náungann. Vera vinir og ekkert vesen. Það er það sem ég keyri á, kærleikur og vin-átta. Það er miklu einfaldara að skemmta sér þannig.“

Hver er hinn dæmigerði Þjóðhátíðargestur sem kemur ofan af landi? „Hann er 23 ára, kemur hingað í fyrsta skipti, rosalega spenntur, með tjald og allar

græjur. Gæti verið í háskóla, kemur til að hafa gaman og ætlar ekki að vera með leiðindi. Skemmtilegir krakkar sem koma aftur og aftur og gaman er að spjalla við. Ég leitast eftir því að tala við þau og heyra þeirra hlið. Þetta eru krakkar í skóla sem hafa harkað allan veturinn, vinna til að ná sér í pening til að komast á Þjóðhátíð.“

Fyrir nokkrum árum var byrjað að bjóða upp á svokallaðan sunnudagspakka á Þjóðhátíð þar sem fólki býðst að koma með Herjólf að deginum og til baka um nóttina. „Sumum finnst þetta góður kostur, að vera á kvöldvökunni, syngja í brekkusöngnum, sjá blysin og taka undir í Þjóðsöngnum. Allt atriði sem hvert fyrir sig er meðal hápunkta á hátíðinni.“

Fólk hoppar yfir ef veðrið er gott og ég skil það mjög vel. Skil þó ekki, að vilja fara til baka klukkan tvö um nóttina. Margir láta vaða og treysta á að komast heim á mánudeginum,“ segir Jónas og viðurkennir að spennan vaxi eftir því sem líður nær hátíðinni. „Það er líka gaman þegar allt gengur upp, það gefur manni mikið,“ segir Jónas að endingu.

Katrín Harðar ≡ Tjaldsvæðið við Þórsvöll

Persónuleg þjónusta og snyrtilegt umhverfi

ANNIKA VIGNISDÓTTIR
annika@eyjafrettir.is

Nú þegar Þjóðhátíð 2025 færist nær er undirbúningur víða í fullum gangi, ekki síst á tjaldsvæðinu, sem hefur hlotið afar góðar umsagnir frá gestum upp á síðkastið. Tjaldsvæði Vestmannaeyja býður upp á flotta aðstöðu í og við Þórshéimilið og inni í Herjólfssdal. Á báðum stöðum stendur gestum til boða hlýleg og notaleg aðstaða með eldhúsi, borðsal, sturtum, snyrtihorni og salernum.

Við heyrðum í Katrínu Harðardóttur öðrum rekstraraðila tjaldsvæðisins og spurðum hana út í reksturinn, undirbúninginn fyrir annasömstu dagana og hvað hún telji helst skýra þær góðu umsagnir sem gestir hafa látið í ljós.

„Við tókum við tjaldsvæðinu síðasta vor, svo þetta er okkar annað sumar. Ég tel að helstu ástæður fyrir ánægju gesta okkar sé sú persónulega þjónusta sem við veitum, við erum með mikla viðveru á svæðinu og veitum því persónulega þjónustu og leggjum mikla áherslu á hreinlæti og góða umgengni utan- sem innandyrá“ segir Kata eins og hún er oftast kölluð.

„Gestir okkar eru fjölbreyttur hópur, við fáum mikið af Íslendingum í tengslum við stóru viðburðina hjá IBV, TM-mótið, Orkumótið og Þjóðhátíð. Þess fyrir utan eru gestir okkar að mestu erlendir ferðamenn.“ Þó koma fleiri Íslendingar þegar vel viðrar eða í tengslum við aðra viðburði í Eyjum.

Skipulag, öryggi og viðvera lykilatriði

Þegar mikill fjöldi gesta er á svæðinu þarf gott skipulag og samstarf. „Við erum þrjú sem vinnum á tjaldsvæðinu en bætum við starfsfólki þegar við þurfum á því að halda. Þetta byggist allt



Katrín Harðardóttir, rekstraraðili tjaldsvæðisins.



Eitt af nýju herbergjunum sem hefur verið innréttað.

á góðu skipulagi og verkaskiptingin er skýr hjá okkur Alla, ég sé um allt innandyrá og hann sér um svæðið úti. Það eina sem við höfum ekki náð að stýra er veðrið en við erum orðin svakalega góð í að stýra hugarfarinu gagnvart því og finna tjaldgestum okkar svæði háð veðri og vindum.

Tjaldsvæði Vestmanneyja er stórt, kringum Þórshéimilið eru

3 svæði, auk Samskipavallarins en þar er nú verið að koma fyrr varanlegum vatnssalernum og einnig inni í Herjólfssdal. „Það hefur í raun gengið allt ótrúlega vel til þessa og við höfum tekið eftir að þegar allt er snyrtilegt og fint þegar fólk mætir, þá er gengið betur um.“ Nýverið höfum við bætt við gistimöguleikum. Við bjóðum nú upp á gistingu í



Þjónustuhús tjaldsvæðisins eru til fyrirmyndar.

suðurenda Þórshéimilisins í þremur herbergjum. Í boði er þriggja manna, fjögurra manna og sex manna herbergi. Þetta er skemmtileg viðbót við okkar þjónustu,“ bætir Kata við að lokum.

Það er nokkuð ljóst að gestir sem heimsækja tjaldsvæði Vestmannaeyja mega eiga von á góðu og jákvæðu viðmóti ásamt snyrtilegri aðstöðu.

Konurnar í efsta sæti ≡ Í undanúrslitum Mjólkurbikarsins: Átti ekki von á svona góðu gengi

Kvennalið ÍBV hefur staðið sig frábærlega í Lengjudeild kvenna í sumar. Eftir tap í fyrsta leik í deildinni hefur liðið unnið hvern leikinn á fætur öðrum og eru þar að auki komnar í undanúrslit Mjólkurbikarsins. Unnu þær Bestu-deildarlið Tindastóls í 8-liða úrslitum. Við heyrðum í Jóni Ólafi Danielssyni, þjálfara liðsins og spurðum hann út í árangur liðsins og spilamennskuna í sumar.

Ykkur var spáð þriðja sætinu fyrir mótið? Hverjar voru ykkar væntingarnar?
Miðað við gengið á undirbúningstímabilinu var þriðja sætið raunhæft og væntingarnar voru eitt af þremur efstu sætum.
Hvernig finnst þér hafa gengið hingað til?
Þetta hefur gengið vonum framar. Við erum mjög heppnar með þann liðsstyrk sem við fengum og að sama skapi hafa heimastúlkurnar tekið mjög miklum framförum.
Tímabilið í fyrra voru hæðir og lægðir, dróstu einhvern lærdóm af því tímabili?
Í fyrra tók mikinn tíma að stilla liðið saman enda var hópurinn mjög sundurleitur framan af



Jón Ólafur Danielsson.
Ljósmynd/ibvsport.is

og erlendir leikmenn ekki með leikheimildir fyrr en mjög seint. Við byrjuðum brösuglega en fyrir þjóðhátíð vorum við búnar að vinna 5 leiki í röð. Komnar í annað sæti deildarinnar og mál manna að ekkert myndi stoppa okkur í framhaldinu. Því miður misstum við okkar besta leikmann

ásamt því að Ragna Sara þurfti að fara vegna náms í Bandaríkjunum. Hún hafði leikið mjög vel fram að því. Þetta var einfaldlega of mikið högg fyrir okkur og við misstum flugið eftir þetta.
Hvernig finnst þér deildin hafa spílast í ár?
Deildin hefur verið mjög jöfn þó þetta hafi kannski spílast hvað best fyrir okkur það sem af er. Það virðast flest liðin geta sigrað hvert annað nema kannski þessa stundina tvö neðstu liðin.
Eitthvað sem hefur komið á óvart?
Það er helst gengi okkar hingað til. Áttum kannski ekki von á svona góðu gengi.
Hvernig lýst þér á framhaldið?
Ég verð að viðurkenna að ég er nokkuð kvíðinn fyrir framhaldinu því við erum með mjög þunn skipaðan hóp. Mikið af ungum leikmönnum sem er að sjálfsögðu ánægjulegt en það þarf að vernda unga leikmenn fyrir of miklu álagi, Mikilvægt að hafa hópinn breiðari. Það þarf að hafa í huga að mótið er rétt rúmlega hálfnað og við enn í bikarnum.
Sem dæmi um breiddina í leikmannahópnum þá eigum við leik næsta fimmtudag sem er sami dagur og keppni hefst á Rey Cup. Þar

munu flestar af ungu leikmönnum okkar keppa og því eigum við ekki nema 14 leikmenn í okkar leik. Við munum einnig missa Rögnu Söru aftur til náms þegar tveir leikir eru eftir af mótinu. Það er því ljóst að við megum ekki við skakkaföllum eða leikbönum. Í dag opnaði félagaskiptaglugginn og ljóst að þau lið sem eru að keppa við okkur munu öll styrkja sig. Þannig að baráttan um sætin tvö í úrvalsdeildinni verður mikil það sem eftir lifir móts.
Eitthvað að lokum?
Ég er afar þakklátur fyrir stuðninginn sem leikmenn hafa fengið. Það hefur oft viðrað illa í leikjum okkar en fólk hefur samt fjölmennt til að hvetja ÍBV. Stelpurnar eiga svo sannarlega skilið allan þann stuðning sem völ er á.
Fram undan er undanúrslitaleikur í bikarnum sem fram fer á Kópavogsvelli gegn stórliði Breiðabliks. Það gæti farið svo að leikurinn verði spilaður á fimmtudegi fyrir þjóðhátíð sem gerir okkur Eyjamönnum svolítið erfitt fyrir vegna undirbúnings fyrir hátíðina. Ég hvet alla til að reyna sitt ítrasta til að mæta í Kópavoginn og hvetja ÍBV til sigurs. Takk fyrir okkur og ÁFRAM ÍBV

Stígandi hjá körlunum ≡ Margir sóknarmenn meiddir: Markmiðið að vera í efri hlutanum

Eyjamenn hafa farið ágætlega af stað í Bestu deild karla í sumar undir stjórn Þorláks Árnasonar. Frammistaðan hefur verið upp og niður og eitthvað hefur verið um skakkaföll eins og gengur og gerist. Við heyrðum í Láka eins og hann er kallaður og tókum stöðuna þegar mótið er um það bil hálnað.

Ykkur var spáð falli af flestum fjölmiðlum fyrir mótið? Hverjar voru ykkar væntingar?
Ég held að það óhætt að segja að við höfum rennt svolítið blint í sjóinn þar sem að það urðu miklar breytingar á leikmannahópnum eftir síðasta tímabil. Hins vegar uppgötvuðum við fljótlega að við áttum í fullu tré við önnur lið í deildinni og þá mynduðust væntingar fyrir leiktímabilið. Míнар væntingar eru líkt og þær voru fyrir mótið, að vera í efri hlutanum.



Þorlákur Árnason. Ljósmynd/ibvsport.is

Hvernig finnst þér hafa gengið hingað til?
Í heildina er ég sáttur við frammistöðu liðsins í sumar. Hún hefur verið svolítið köflótt þar sem að við misstum marga

sóknarmenn út á svipuðum tíma. Þurftum að aðlaga leik liðsins að þeim leikmönnum sem komu inn í staðinn. Í heildina finnst mér liðið hafa brugðist vel við þeim áföllum sem við urðum fyrir og nýir leikmenn komið sterkir inn.
Hvernig finnst þér að vera kominn til Eyja, þjálfari ÍBV og búa í Vestmannaeyjum?
Það er svolítið skrítið eftir að hafa verið svona lengi í burtu. Samt er eins og ég hafi aldrei farið, slíkt er tenging mín við Eyjarnar. Foreldrar mínir elskuðu Vestmannaeyjar. Þau eru einhvern veginn alltaf með mér hérna þó að pabbi sé aðeins lengra í burtu. Náttúran hérna er mér svo kær og fólkíð minnir mann svo mikið á hvernig maður er sjálfur. Með huga Eyjamanns. Þetta er eins og að eiga nokkur púsl eftir í púslspilinu, og finna þau svo einhvers staðar undir stofuborðinu. Það að þjálfari ÍBV er mér síðan mjög kært, ég þekki sögu

félagsins og þá frábæru leikmenn sem hafa spilað fyrir félagið.
Hvernig finnst þér deildin hafa spílast í ár?
Eitthvað sem hefur komið á óvart?
Deildin er náttúrulega miklu jafnari en sérfræðingar áttu von á. Stutt á milli fallbaráttu og baráttu um Evrópusæti. Ég held að það sé kannski bæði það sem einkenni deildina og það sem hefur komið mest á óvart.
Hvernig lýst þér á framhaldið?
Mér list vel á framhaldið. Við erum búnir að upplifa miklar sveiflur í sumar sem lið en það hefur verið góður stígandi í þessu undanfarið, ég er því bjartsýnn á framhaldið.
Eitthvað að lokum?
Mig langar að nota tækifærið að hvetja alla Eyjamenn til að mæta á völinn og styðja við bakið á okkur. Það skiptir gríðarlega miklu máli fyrir leikmennina og þá sem að þeim og liðinu standa.



AMELÍA DÍS EINARSDÓTTIR
21 árs - Handbolti

Staða á vellinum? Vinstra horn. **Hvernig lýst þér á komandi tímabil?** Mér lýst mjög vel á það, spennandi. Við erum með marga yngri leikmenn sem eru að verða mjög flottar og eiga bara eftir að blómstra meira í vetur. Svo erum við líka með leikmenn sem koma með mikla reynslu á móti. Þó svo að þetta sé nú heldur nýr hópur er ég mjög spennt að sjá hvernig þetta verður og hef fulla trú á verkefninu.

Erðu með einhver markmið fyrir tímabilið? Ég hef bara hugsað um lítil markmið fyrir mig persónulega annars er það alltaf bara að gera betur en í fyrra á einhverju sviði, hvort sem það er sem lið eða fyrir mig sem leikmann.

Verður þú í Dalnum? Að sjálf-söguðu verð ég í Dalnum.

Hvað er það besta við Þjóðhátíð? Verð að segja Brekkusöngurinn og svo bara eyða tíma með fólkinu mínu.



HELENA HEKLA HLYNSDÓTTIR
22 ára - Fótbolti

Staða á vellinum? Vinstri bak-vörður.

Hvernig finnst þér tímabilið hafa gengið hingað til? Mér finnst tímabilið hafa gengið mjög vel hingað til. Við höfum verið að náð góðum úrslitum og sýnt stöðugleika fyrri hluta tímabilsins, þurfum núna að halda fókus og klára seinni hlutann eins.

Hvað hefur staðið upp úr? Klárlega hópurinn, það er mikil gleði og samheldni innan hópsins hvort sem það er innan eða utan vallar. Við erum allar tilbúnar að gera okkar besta fyrir hvor aðra sem hefur skilað sér á vellinum.

Verður þú í Dalnum? Já, auðvitað.

Hvað er það besta við Þjóðhátíð? Væri til í að telja allt upp en líklegast Brekkusöngurinn. Síðan þykir mér einnig mjög vænt um samveruna með mínu nánasta fólki bæði í brekkunni og hvítu tjöldunum.



SANDRA ERLINGSDÓTTIR
26 ára - Handbolti

Staða á vellinum? Miðja.

Hvernig lýst þér á komandi tímabil? Ég er mjög spennt fyrir tímabilinu með stelpunum. Hlakka til að koma aftur í íslensku deildina og spila með ÍBV aftur með vonandi sem flesta í stúkunni.

Erðu með einhver markmið fyrir tímabilið? Markmiðin mín eru bara að halda áfram að koma mér í mitt besta form eftir barnsburð og njóta þess að spila handbolta.

Verður þú í Dalnum? Ég verð í Dalnum.

Hvað er það besta við Þjóðhátíð? Það er klárlega samvera með fjölskyldu og vinum.



EMBLA HARÐARDÓTTIR
19 ára - Fótbolti

Staða á vellinum? Miðja.

Hvernig finnst þér tímabilið hafa gengið hingað til? Tímabilið hefur gengið mjög vel!! Við erum efstar í deildinni og ætlum okkur að halda okkur þar og komast upp í Bestu deildina, en tímabilið er ekki búið og við þurfum að klára það af sama krafti og við höfum gert hingað til. Við erum komnar í undanúrslit í Mjólurkubikarnum og mætum Breiðablik fimmtudag fyrir Þjóðhátíð, á Kópavogsvelli. Við þurfum á ykkar stuðningi að halda og vil ég hvetja alla til að mæta, fylla stúkuna og hjálpa okkur að komast alla leið í úrslit, byrjum Þjóðhátíðarhelgina með stæl!!

Hvað hefur staðið upp úr? Það sem hefur staðið upp úr er liðsandiinn, hann hefur verið mjög góður og svo skemmir ekki fyrir hvað það gengur vel.

Verður þú í Dalnum? Já!! Ég læt mig ekki vanta á skemmtilegustu helgi ársins.

Hvað er það besta við Þjóðhátíð? Það er bara allt best.



FELIX ÖRN FRÍÐRIKSSON
26 ára - Fótbolti

Staða á vellinum? Vinstri Bak-vörður.

Hvernig finnst þér tímabilið hafa gengið hingað til? Finnst það hafa gengið ágætlega, mikill stígandi í liðinu og erum allir með sama plan, að ná topp 6 sætumum.

Hvað hefur staðið upp úr? Það sem hefur staðið upp úr á tímabilinu eru auðvitað sigurleikirnir.

Verður þú í Dalnum? Já, ég verð í Dalnum.

Hvað er það besta við Þjóðhátíð? Það besta við Þjóðhátíð er að njóta með vinum og fjölskyldu, leikurinn á laugardegnum er líka eitt af hápunktum hátíðarinnar.



SVERRIR PÁLL HJALTESTED
25 ára - Fótbolti

Staða á vellinum? Striker.

Hvernig finnst þér tímabilið hafa gengið hingað til? Tímabilið hingað til er búið að vera flott, en nóg eftir og við þurfum að halda áfram að safna stigum.

Hvað hefur staðið upp úr? Góða veðrið klárlega.

Verður þú í Dalnum? Já, finnur mig eflaust þar.

Hvað er það besta við Þjóðhátíð? Þegar PBT er á stóra sviðinu.



ÍVAR BESSI VIÐARSSON
20 ára í september - Handbolti

Staða á vellinum? Vinstri skytta.

Hvernig lýst þér á komandi tímabil? Mér líst vel á næsta tímabil.

Erðu með einhver markmið fyrir tímabilið? Mig langar að bæta mig og fá þar með stærra hlutverk.

Verður þú í Dalnum? Ég verð í Dalnum.

Hvað er það besta við Þjóðhátíð? Techno tjalðið.



ANDRI ERLINGSSON
18 ára - Handbolti.

Staða á vellinum? Miðjumaður.

Hvernig lýst þér á komandi tímabil? Mér lýst mjög vel á næsta tímabil mjög skemmtilegt og gott lið sem við erum með.

Erðu með einhver markmið fyrir tímabilið? Bara að standa mig vel og þyngja mig aðeins.

Verður þú í Dalnum? Jább ég verð í Dalnum.

Hvað er það besta við Þjóðhátíð? Maturinn og tónlistin.

Stefnir á að komast í háskólagolf



Íþróttamaður mánaðarins er nýr liður í Eyjafréttum þar sem við munum leggja spurningar fyrir íþróttafólk í Eyjum. Sóley Óskarsdóttir er íþróttamaður mánaðarins að þessu sinni en hún vann á dögnum meistaramót GV. Sóley er mjög öflugur golfari og segir á heimasíðu GV að hún sé einn efnilegasti kvenkylfingur sem þau hafa átt lengi. Hún er nú tvöfaldur klúbbmeistari GV aðeins 16 ára gömul. Innilega til hamingju Sóley!

Nafn: Sóley Óskarsdóttir.

Aldur: 15 að verða 16 ára.

Fjölskylduhagir: Mamma Kolbrún Sól, pabbi Óskar Haraldsson og

bróðir Ari Óskarsson.

Hvernig er venjulegur dagur í þínu lífi? Ég vakna, græja mig, fæ mér Nocco og fer í vinnu. Fer svo í golf restina af deginum og fer stundum út með vinum um kvöldið.

Aðal áhugamál? Golf og bara allar íþróttir.

Hver er þín helsta fyrirmynd í íþróttum? Rory McIlroy.

Hefurðu stundað aðrar íþróttir en golf? Já, fótbolta.

Hvert stefnirðu í golfinu? Háskóla golf.

Hvaða þrjá einstaklinga tækir þú með þér á eyðieyju og af hverju? Bara þrjá vini, vil ekki gera upp á milli.

Eitthvað að lokum? Takk fyrir stuðninginn.



Karl Smári Hreinsson

Frönsk þýðing á Reisubók séra Ólafs Egilssonar



Karl Smári Hreinsson.

Ein merkasta heimild um Tyrkjaránið á Íslandi, Reisubók séra Ólafs Egilssonar er nú að koma út á frönsku í Casablanca í Marokkó. Útgefandi er þarlent forlag, La Croisée des Chemins. Bókin heitir á frönsku: *La Razzia Septentrionale*; *L'histoire des raids corsair barbaresque de Salé et d'Alger sur l'Islande en 1627* (Árásin á Norðurlóðum; saga sjórána fríþýtara frá Sale og Algeirsborg á Ísland 1627). Þýðendur bókarinnar á frönsku eru Karl Smári Hreinsson og Adam Nichols þeir sömu og þýddu Reisubókina á ensku. Einnig aðstoðaði Jade Caramiaux-Jurewicz við þýðinguna.

Fyrsta franska þýðingin

Þessi nýja þýðing Reisubókar séra Ólafs Egilssonar, sem rætt var árið 1627 ásamt rúmlega 240 öðrum Vestmannaeyingum er fyrsta franska þýðingin á bókinni. Reisubók séra Ólafs Egilssonar (1564-1638) sem var annar tveggja presta í Vestmannaeyjum þegar Tyrkjaránið var framið í júlímánuði árið 1627, er ítarlegasta lýsing sem til er á Tyrkjaráninu á Íslandi og í raun einstök heimild um landrán sem sjóræningjar og svokallaðir fríþýtara frá Norður-Afríku frömdu á þessum tíma í mannkynssögunni. Þessi vandaða nýja þýðing er ekki aðeins Reisubók séra Ólafs Egilssonar heldur einnig fjölmörg bréf og frásagnir um Tyrkjaránið þrá þessum tíma, þar má nefna Tyrkjaránssögu Björns á Skarðsá, frásögn Kláusar Eyjólfsssonar lögsagnara (sýslumanns) að Hólum í Landeyjum sem hann ritaði eftir sjónarvottum strax eftir Tyrkjaráninu en Kláus var bróðursonur séra Ólafs Egilssonar. Þessi nýja franska þýðing er langítarlegasta efni sem komið hefur út um



Tyrkjaránið í einni bók allt frá því að Sögufélagið gaf út efni um Tyrkjaránið á árunum 1906-1909. Þetta er jafnframt fyrsta bókinn á frönsku um Tyrkjaránið en nánast ekkert er til á prenti á frönsku um Tyrkjaránið áður og því er bókinn náma fyrir frönskumælandi fólk ekki síst í Norður-Afríku, en Tyrkjaránið 1627 á Íslandi er í raun einnig hluti af sögu þess heimshluta. Bókin er ríkulega myndskreytt alls um 430 blaðsíður.

Aðrar útgáfur Reisubókarinnar

Fyrsta prentaða útgáfa og þýðing á Reisubók séra Ólafs Egilssonar sem til er dönsk þýðing frá árinu 1741. Sú þýðing var endurútfengin árið 1800. Á íslensku kom Reisubókin út í lítt vandaðri útgáfu árið 1852 og bar titilinn; Lítil saga um herlaup Tyrkjans á Íslandi árið 1627. Á árunum 1906-1909 kom Reisubókin út á vegum Sögufélagsins ásamt mörgum öðru efni

tengdu Tyrkjaráninu. Árið 1969 kom Reisubókin út hjá Almenna Bókafélaginu í umsjá Sverris Kristjánssonar sagnfræðings, lítið breytt frá útgáfunni 1906-1909. Síðasta útgáfa Reisubókarinnar á íslensku var útgáfa Más Jónssonar prófessors og Kára Bjarnasonar íslenskufræðings og forstöðumanns Safna í Vestmannaeyjum. Bókauktgáfan Sæmundur gaf út árið 2020 með styrk frá Sögusetrinu 1627 í Vestmannaeyjum. Í þeirri útgáfu er stuðst við handrit af Reisubókinni sem barst í hendur Þórðar Tómassonar í Skógum um 1980.

Fyrsta enska þýðing Reisubókarinnar kom út á vegum Fjölvá í Reykjavík árið 2008. Þýðendur voru Karl Smári Hreinsson, íslenskufræðingur og Adam Nichols prófessor við Maryland-háskóla í Bandaríkjunum. Þeir rituðu einnig skýringar. Ásamt Reisubók séra Ólafs er þar að finna frásögn Kláusar Eyjólfs-

sonar af Tyrkjaráninu og nokkur bréf sem hertekið fólk sendi heim til Íslands. Þessi enska þýðing var síðan endurútfengin hjá Sögu Akademíu árið 2011 og aftur 2014 lítið breytt og síðan endurskoðuð útgáfa með viðaukum árið 2019. Árið 2016 kom út sama þýðing á vegum The Catholic University of America Press. Þessi bandaríska útgáfa er mun ítarlegri og fræðilegri en útgáfurnar á vegum Sögu Akademíu enda um háskólaútgáfu að ræða.

Hollenskt útgáfufyrirtæki, Uitgeverij de Brouwerij (Brain-books) sýndi Reisubók séra Ólafs Egilssonar mikinn áhuga enda koma Hollendingar mjög við sögu Tyrkjaránna í Vestmannaeyjum, Grindvík og á Austurlandi árið 1627. Þessi hollenska þýðing er gerð eftir ensku þýðingunni. Karl Smári og Adam Nichols skrifuðu formála og eftirmála. Þýðandi úr ensku á hollensku var Joris van Os.

Á síðasta ári (2023) kom síðan Reisubók séra Ólafs Egilssonar út á grísku. Þýðingin er gerð eftir ensku þýðingunni. Með Reisubókinni er einnig frásögn Kláusar Eyjólfsssonar og bréf sem send voru til Íslands úr Barbaríinu. Útgefandi grísku þýðinarinnar er Labyrinthos bókaforlag í Aþenu. Árið 2022 kom út í Bandaríkjunum á vegum Columbia háskólans í New York safnrit um bókmenntir tengdar sjóránunum frá miðri sextánda öld fram yfir aldamótin 1800. Ensкур titill bókarinnar er; *Barbary Captives – and Antology of Early Modern Slave Memoirs by Europeans in North Africa*. Ritstjóri er Mario Klarer. Í bókinni eru sýnishorn bréfa eða frásagna evrópskra manna sem áttu það sameiginlegt að hafa verið herteknir af sjóræningjum og voru þrælur í Barbaríinu. Alls eru 13 frásagnir í bókinni, frá níu löndum, raðað í tímaröð. Þriðja frásögnin eru kaflar úr Reisubók séra Ólafs Egilssonar. Það sýnir hve mikilvæg frásögn Eyjaklerksins er í heimsbókmenntunum að kaflar úr Reisubókinni eru teknir í þetta safnrit sem er það fyrsta sem gefið er út um þetta efni. Við lestur bókarinnar sést hve sjórán og mannrán múslimskra sjóræningja frá Norður-Afríku voru algeng á hátt í þrjár aldir og hundruðir þúsundir manna voru hnepttir í ánaud í Barbaríinu.

Bókaflokkur um Tyrkjaránið

Northern Captives ≡ Hertekið fólk af Norðurhvara


Að áeggjan Halls Gunnarssonar formann Minja- og Sögufélags Grindavíkur þá rituðu Karl Smári og Adam Nichols sögu Tyrkjaránsins í Grindavík. Bókin kom út á ensku árið 2020. Fram að þeim tíma hafði lítið verið skrifað um Tyrkjaránið í Grindavík, sem framið var af fríbýturum frá borginni Sale í Marokkó um sumarsólstöður 1627. Þá voru um 12-15 manns herteknir í Grindavík og annað eins af sjómönnum um borð í skipum sem ræningjarnir hertóku. Grindavíkuránið hefur fallið í skuggann af ráninu í Vestmannaeyjum. Bókin heitir á ensku: Northern Captives-the Story of the Barbary Corsair Raid on Grindavík in 1627. Í bókinni er fjallað um ránið í Grindavík, uppruna sjóræningjanna og foringja þeirra Hollendinginn Jan Janszoon van Harlem, sem síðar tók upp nafnið Mórath Reis. Einnig er kaffi um Saleborg í Marokkó og um afdrif Járngerðarstaðafólksins en nær allir Íslendingarnir sem rænt var tilheyrdðu sömu fjölskyldu. Grindavíkurbær ásamt Minja- og Sögufélagi Grindavíkur styrkti útgáfuna.

Stolen Lives – Glatað líf

Ári síðar (2021) kom út bókinn Stolen Lives – the Story of the Barbary Corsair Raid on Heimaey in 1627. Bókin er um Tyrkjaránið í Vestmannaeyjum, lýsing á ráninu sjálfu og síðan aðstæðum í Algeirsborg þangað sem hertekna fólkíð úr Vestmannaeyjum og af Austurlandi var flutt. Einnig er fjallað um útkaup hertekna fólksins og afdrif þess. Þessi bók er eitt ítarlegasta verk sem til er um ránið í Vestmannaeyjum. Sögusetur 1627 í Vestmannaeyjum styrkti útgáfuna.

Enslaved – í þrældómi

Um Tyrkjaránið á Austurlandi hefur lítið verið skrifað og má segja að sá atburður sé að falla í gleymiskunnar dá og lítið eftir sem minnir á það nema einstaka ornefni, munnmæli og þjóðsögur. En sömu ræningjar og rændu í Vestmannaeyjum í júlímánuði 1627 komu fyrst til Austurlands og rændu þar um 110 manns, aðallega á Djúpavogi og í Berufirði en einnig í Hamarsfirði og á Berufjarðarströnd. Frá Austfjörðum héldu ræningjarnir síðan til Vestmannaeyja þar sem einnig bar vel í veiði. Bókin Enslaved (í þrældómi) sem



fjallar um Tyrkjaránið á Austurlandi kom út árið 2022. Bókin er langítarlegasta verk sem til er um Tyrkjaránið á Austfjörðum. Líkt og í bókunum um ránið í Grindavík og í Vestmannaeyjum þá er fjallað um afdrif þess fólks sem eitthvað er vitað um og stuðst er við bréf og aðrar heimildir. Ein aðalheimild Tyrkjaránið á Austfjörðum er svokölluð Frásögn skólapilta að austan, en sú frásögn var tekin saman í Skálholti veturinn eftir ránið. Einnig er bréf Guttorms Hallssonar sem var bóndi í Búlandsnesi við Djúpavog. Guttormur var á meða hertekna fólksins fyrir austan og skrifaði merkilegt bréf til ættingja sinna þar sem hann lýsir ráninu og síðan vistinni í Barbarínu. Sögufélag Austurlands styrkti útgáfu þessarar bókar og sýndi formaður félagsins Sigurjón Bjarnason útgáfunni mikinn áhuga og hvatti til útgáfunnar.

Turbulent Times – Róstusamir tímar

Á síðasta ári (2023) kom síðan út

síðasta bókinn í þessum bóka-flokk um Tyrkjaránið á Íslandi. Bókin heitir á ensku; Turbulent Times, Skálholt and the Barbary Corsair Raids on Iceland in 1627 og fjallar um þátt Skálholts og Skálholtsskóla í ritun og varðveislu heimilda um Tyrkjaránið og einnig er fjallað um sögu Skálholts frá siðaskiptum 1550 og framyfir Tyrkjaránið 1627. Í þessu verk kemur vel í ljós mikilvægi Skálholts sem biskups- og menntaseturs á þessum tíma í Íslandssögunni. Má segja að þær heimildir sem Íslendingar hafa um Tyrkjaránin séu að stórum hluta tengd Skálholti á einn eða annan hátt. Það var ekki síðst fyrir atbeina Odds Einarssonar Skálholtsbiskups að saga Tyrkjaránsins varðveittist vel, enda málið honum skylt þar sem öll ránin voru framin í Skálholtsbiskupsdæmi. Þess ber einnig að geta að höfundar og heimildarmenn að skrifum um Tyrkjaránið voru flestir menntaðir í Skálholti eða tengdir Skálholtsstað. Þar má nefna séra Ólaf Egilsson,

höfund Reisubókar sem við hann er kennd og tvo af þeim herteknu Íslendingum sem skrifuðu bréf úr fangavist sinni í Barbarínu, Guttorm Hallsson á Búlandsnesi við Djúpavog og Jón stúdent Jónsson frá Járngerðarstöðum í Grindavík en þeir voru allir lærðir í Skálholtsskóla og einnig tendir Skálholti á annan hátt. Það var fyrir áeggjan núverandi Skálholtsbiskups séra Kristjáns Björnssonar að bókinn var skrifuð og veitti Skálholtsstaður ríflegan stuðning við útgáfu bókarinnar. Séra Kristján Björnsson ritaði inngang að bókinni. Saga Tyrkjaránsins hefur alla tíð verið honum hugleikinn enda eins og hann nefnir í formála bókarinnar þá er hann arftaki séra Odds Einarssonar Skálholtsbiskups og afkomandi og arftaki séra Ólafs Egilssonar en séra Kristján var prestur í Vestmannaeyjum um tíma. Það eru því tveir Skálholtsbiskupar sem hveta til ritunar þessarar sögu þótt 400 ár skilji þá að. Það má segja að bókinn Turbulent Times sé einskona lykilbók í þessum bóka-flokki og tengi saman atburði í þjóðarsögunni við einstaklinga og einnig við sögu Evrópu á þessum róstusömu tímum.

Ítalskar þýðingar

Á síðasta ári (2023) kom út ítölsk þýðing á Northern Captive, bókinni um Grindavíkurránið. Titill bókarinnar á ítölsku er: Schiavi Dal Nord, l'incursione dei pirati barbareschi in terra d'Islanda. Grindavík 1627. Útgefandi er Passaggio Al Bosco Edizioni í Flórens. Þýðandi er Attilio Sodí Russotto sem einnig hefur þýtt bókinn Stolen Lives um Vestmannaeyjaránið og gert er ráð fyrir að sú bók komi út í haust eða snemma á næsta ári. Ítalir þekkja til þessarar sögu sjórána og óaldar á Miðjarðarhafi þegar Norður-Afrískir sjóræningjar herjuðu á lönd kristinna manna við norðanvert Miðjarðarhaf. Það er því sameiginleg reynsla Íslendinga og Ítala af sjóránunum sem vekur áhuga Ítala á Tyrkjaráninu. Einnig má geta þess að Reisubók séra Ólafs Egilssonar er óvenjuleg heimild um Ítalíu séð með augum Norður-Evrópubúa á fyrri hluta 17. aldar. Um mikilvægi og heimildagildi Reisubókarinnar fyrir ítalska sögu skrifaði ítalskur prófessor Stefano Piastra allfarlega grein í þekkt landfræðitímarit á Ítalíu.

Margrét Lára ≡ Bókin ≡ Ástríða fyrir leiknum

Eyjastelpen sem spilaði í bestu deildum Evrópu

≡ Varð markahæsti landsliðsmaður í sögu Íslands

KRISTÍN ERNA
SIGURLÁSDÓTTIR

Knattspyrnukonuna Margréti Láru Viðarsdóttur þarf vart að kynna en hún er meðal fremstu íþrótta-
manna sem Ísland hefur átt. Hún
er markahæsti landsliðsmaður Ís-
lands í knattspyrnu frá upphafi og
hefur spilað og skorað í sterkustu
deildum heims.

Margrét Lára gaf út bókina,
Ástríða fyrir leiknum fyrr í sumar
og í bókinni fer hún yfir feril sinn

í máli og myndum og hæðum
og lægðum sem honum fylgdu. Í
bókinni deilir hún með lesendum
hvernig hún tókst á við hlutina,
hvað hjálpaði henni og hvernig
hún hefði mögulega átt að gera
hlutina öðruvísi. Þjálfarar og
samherja lýsa henni, auk þess sem
hún þakkar bæði fjölskyldu, vin-
um, þjálfurum og samherjum fyrir
þeirra framlag í hennar ferli því
enginn íþróttamaður gerir nokkuð
gott án liðsfélaga og fjölskyldu.

Hugmyndin að bókinni

Varðandi hugmyndina eða kveikj-
una að bókinni hafði Margrét

Lára þetta að segja: „Ég var alltaf
ákveðin í því að skrifa bók um
minn feril. Amma mín Margrét
Sigurjónsdóttir klippti út blaðaúr-
klippur frá mínum ferli allt frá því
ég var að stíga mín fyrstu skref
svo ég bjó vel að þeim og því
nokkuð auðvelt fyrir okkur Bjarna
Helgason að rifja upp minn-
ingarnar og koma þeim á blað.

Auk þess var ég dugleg að skrifa
dagbækur þegar ég var í atvinnu-
mennskunni. Mér fannst vanta
fleiri íþróttasögur og þá sér-
staklega frá konum því bók sem
þessi hefði hvatt mig áfram og ég
hefði klárlega lesið hana í þaula.

Verandi móðir fjögurra barna
langaði mig einnig að hvetja til
lesturs ungu kynslóðarinnar þó
bókin sé svo sannarlega fyrir fólk
á öllum aldri. Í seinasta fæðingar-
orlofi mínu fyrir einu og hálfu ári
síðan, fór um við loksins af stað að
láta þennan draum minn verða að
veruleika og sjáum svo sannarlega
ekki eftir því enda erum við mjög
stolt og ánægð með útkomuna.“

Eyjafréttir fengu leyfi frá
Margréti Láru til að birta kafla úr
bókinni hennar.

Fótboltinn var ást við fyrstu sýn

Einn góðan sumardag, þegar ég
var fimm ára gömul, urðu ákveðin
kaflaskil í mínu lífi en þá hitti ég
Karitas Þórarinsdóttur í fyrsta
sinn. Ég var eitthvað að vesenast á
milli húsa í götunni heima og við
rekumst óvænt hvor á aðra í ein-
um garðinum. Hún var á leiðinni
niður á malarvöll ásamt eldri
systur sinni sem var þá að æfa
fótbolta með 5. flokki, sem þá var
yngsti flokkurinn kvennamegin,
en 6. flokkur kvenna var settur á
lagginar fimm árum síðar. Ég var
ekki sérstaklega frakkur krakki
en þarna tók ég óvænt af skarið.
Ég spurði þær hvert þær væru að
fara og þær svöruðu því til að þær
væri á leiðinni á fótboltaæfingu.
Ég spurði þær hvort ég mætti
koma með þeim og þær svöruðu
því játandi. Eftir það var ekki
aftur snúið. Þetta var ást við fyrstu
sýn og ég varð algjörlega heilluð
af fótboltanum.

Fyrstu tvö árin mín fótboltanum
var ég algjör byrjandi en svo kom
þetta mjög hratt. Ég var sex ára
Týsstelpa að æfa með 12 ára stelp-
um, enda ekkert annað í boði en
að æfa með 5. flokki þar sem það
var fyrsti flokkurinn sem stelpur
á Íslandi gátu æft með á þess-
um tíma. Ég þurfti að hafa fyrir
hlutunum og varð harðgerðari
fyrir vikið. Ég fékk að heyra það
reglulega frá liðsfélögnum til
að byrja með og það var ekkert
annað í boði en að taka því. Það
þurfti ákveðið hugrekki og þor að



Ég ásamt Söru Pálsdóttur frænku minni. Sara átti heima á Englandi en kom
til Íslands á sumrin og spilaði með okkur í Tý.

æfa með stelpum sem voru sex
árum eldri en ég. Ég náði þeim

flestum upp að hnjám en samt tók
ég mitt pláss. Þetta gerði það líka

að verkum að þegar ég var valin í
A-landsliðið í fyrsta sinn, 16 ára
gömul, var ég ekkert að þæla í því
að flestar stelpurnar í liðinu væru
að minnsta kosti tíu árum eldri en
ég. Ég var vön því að spila með
stelpum sem voru talsvert eldri
en ég og þegar ég horfi til baka er
þetta líklega einn af þeim þáttum
sem mótaði mig einna mest sem
íþróttakonu.

Erfiðleikarnir styrkja

Það var sparkvöllur fyrir ofan hús-
ið okkar og þegar stóru krakkarnir
mættu á svæðið var okkur yngri
bannað að vera með. Ég hljóp oft
grátandi heim. Þetta tók á og það
hefði verið auðvelt að gefast upp
en ég ákvað hins vegar að halda
áfram að mæta á sparkvöllinn
enda eru það erfiðleikarnir sem
styrkja mann mest. Mér fannst
ég aldrei eftir á, getulega séð, að
undanskildum allra fyrstu árunum
í fótboltanum. Mér fannst alltaf
eini munurinn á mér og hinum
stelpunum líkamlegi þroskinn en
í dag sé ég það betur að raun-
veruleiki okkar var ekki sá sami,
enda þær að detta á unglingsaldur-
inn á meðan ég var ennþá krakki.

Ég var snemma komin með mjög
góða skottækni. Ég gat spark-
að í boltann með bæði ristinni,
utan- og innanfótar og ég gat líka
vippað boltanum. Það er mjög
algengur misskilningur að til þess
að geta sparkað fast í fótbolta
þurfi maður að vera mjög sterkur

í fótunum en það er ekki það eina sem skiptir máli. Sparktækni snýst fyrst og fremst um tækni, æfingu, meiri æfingu og svo aukæfinguna. Ég og Karitas deildum sparkáhuganum og við skiptumst á að skjóta á markðið. Við tókum tíu skot á mann og við stilltum boltanum upp á mismunandi stöðum á vellinum og þetta gerðum við, aftur og aftur, dag eftir dag, í mörg ár. Til þess að gera leikinn skemmtilegri völdum við okkur reglulega leikmenn til þess að vera. Ég var annaðhvort brasilíski Ronaldo eða Gabriel Batistuta, fyrrverandi landsliðsframherji Argentínu, og þegar að ég var í markinu þá var ég alltaf Peter Schmeichel, þáverandi markvörður Manchester United. Sem betur fer eru tímarnir öðruvísi í dag og stelpur hafa nú kost á því að vera til dæmis Glódís Perla Viggósdóttir, Karólína Lea Vilhjálmisdóttir eða Cecilia Rán Rúnarsdóttir í markinu. Allt vegna þess að fótboltakonur eru mun sýnilegri í dag.



Andstæðingar faðmast. Ég ásamt Hildi Kristjánsdóttur en mæður okkar eru góðar vinkonur úr Eyjum.

Í allra kvikinda líki

Erna Þorleifsdóttir og Stefanía Guðjónsdóttir þjálfuðu 5. flokkinn þegar ég byrjaði að æfa fótbolta og þær brugðu sér í allra kvikinda líki. Þær voru ekki bara þjálfarar heldur líka fararstjórar í öllum keppnisferðum, þær gáfu okkur að borða, fóru með okkur í sund og fléttuðu okkur líka fyrir leiki. Á þessum tíma tíðkaðist það ekki að foreldrar mættu á öll mót en við fórum á öll helstu yngri flokka mótin. Þá vorum við oftast 25 stelpur saman, með Ernu og Stefaníu og svo var kannski eitt foreldri með í för. Þjálfararnir sáu oft líka um að keyra rútuna á keppnisstaðina og því óhætt að segja að það hafi verið nóg að gera hjá þeim.

Við vorum mjög sigursælar í yngri flokkunum og unnum öll Þæjumót sem við tókum þátt í; í 6. flokki, 5. flokki og 4. flokki,

á bæði yngra og eldra árinu. Það sama má segja um Síamótið sem við unnum líka alltaf í öllum flokkum og á yngra og eldra ári. Ég varð líka Íslandsmeistari í öllum flokkum, nema í 2. flokki þar sem ég fór beint upp í meistaraflokk úr þriðja flokki og spilaði þar af leiðandi aldrei með 2. flokki gegn mínum jafnöldrum. Þetta var mjög gefandi því að börn fara mjög snemma að stunda íþróttir með það að markmiði að vinna, jafnvel þó að þeir sem eldri eru reyni oft að halda aftur af þeim. Ég setti mér þau markmið mjög ung að verða best, og auðvitað vinna. Það gekk eftir þar sem ég var útnefnd besti leikmaður mótsins á öllum yngri flokka mótum sem ég tók þátt í, alveg frá því að ég var í 6. flokki. Verðlaunaafhendingarnar fóru fram á lokahöfum mótanna og ég kveið alltaf fyrir þeim. Ekki af því að ég væri hrædd um að vera ekki valin best, ég var meira hrædd við að vera valin best. Mér fannst óþægilegt að fara upp á svið, þar



Týsstelpur frá Vestmannaeyja fagna góðum árangri á Síamóti.

Þá hafði það spurst út að ég ætti eitthvað af bikurum, fyrir árangur á mótum, góða ástundun og góða frammistöðu með Tý. Þetta voru stelpur sem ég hafði verið að spila á móti á Þæjumótinu en ég þorði varla að segja orð við þær því að ég var svo feimin.

Atvik sem ekki gleymist

Ég á líka slæmar minningar af yngri flokka mótunum. Ég gleymi því aldrei þegar við vorum að spila á móti Aftureldingu í fyrrnefndum leik árið 1996. Ég var þá 10 ára gömul, á elsta ári í 6. flokki. Allt í einu stöðvar dómarnir leikinn þar sem foreldri einn úr Aftureldingu var mætt inn á völlinn. Foreldrið vildi fá að sjá fæðingarvottorðið mitt og þetta kom mér algjörlega í opna skjöldu. Ég var ekki hávaxin eða stórgerð en það var eitthvað við frammistöðu mína inni á vellinum sem fór fyrir brjóstíð á þessum einstaklingi. Í huga viðkomandi gat það bara ekki verið að ég væri á sama aldri og mótherjar mínir. Ég var vissulega búin að æfa fótbolta í nokkur ár á þessum tíma, með 5. flokki, og á þessu tiltekna móti spilaði ég bæði með 5. og 6. flokki þar sem Týr hafði sett á laggirnar 6. flokk kvenna skömmu

áður.

Ég fæ kaldan hroll þegar ég hugsa um þau orð sem hafa beinst að mér á hliðarlínunni frá foreldrum mótherja minna: „Stoppið þessa rauðhærðu, sparkið þessa númer níu niður því að hún fer alltaf að grenja.“ Setningar sem óma ennþá ómeðvitað í hausnum á mér, enn þann dag í dag. Þessi innáköll hefðu alltaf verið stoppuð í dag en á þeim tíma þótti þetta hinn eðlilegasti hlutur. Ég hugsaði oft hvort ég væri að gera eitthvað rangt og hvort ég væri ekki alveg örugglega að spila með réttum flokki. Mér leið því ekkert alltaf vel, þó að yngri flokka mótin hafi verið það skemmtilegasta sem ég gerði, en ég lét það aldrei sjást utan á mér að mér liði illa á nokkurn hátt.

Eflaust hjálpaði það mér að við tókum þátt í tveimur stórum mótum á hverju ári, Þæjumótinu og svo Síamótinu. Stundum fórum við á Þæjumótið á Siglufirði en fleiri voru mótin ekki. Ég þurfti því ekki að takast á við innáköllin í hverri einustu viku þar sem þetta voru ekki margir leikir yfir árið enda spiluðum við ekki æfingaleiki á þessum tíma, nema bara við strákana í Vestmannaeyjum.



Sigri fagnað með ÍBV.

Kia EV3

Drifkraftur nýrra tíma



Movement that inspires



WINNER

2025 WORLD CAR AWARDS™
WORLD CAR OF THE YEAR



reddot winner 2025
best of the best

Hefur slegið í gegn - bæði hér heima og erlendis

Viðtökur EV3 á Íslandi hafa verið vægast frábærar en EV3 er annar mest seldi fólksbíllinn í almenna notkun á Íslandi það sem af er ári.

Þar að auki hefur EV3 sópað að sér verðlaunum á heimsvísu og var t.a.m. valinn bíll ársins 2025 hjá World Car Awards og vann hönnunarverðlaun Red Dot, ein þau stærstu í heiminum, fyrir bestu hönnun.

Verð frá

5.290.777 kr.

með rafbílastyrk**



Bragginn · Flötum 20, 900 Vestmannaeyjum · 481 1535
Söluaðili Kia á Íslandi.

* Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustueftirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd

** Nánari upplýsingar á orkustofnun.is/orkuskipti/orkusjodur/rafbilastyrkir